



**Vorráðstefna
Jarðfræðafélags Íslands**

Ágrip erinda

Haldin í Öskju,
Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands
13. mars 2015



**Vorráðstefna
Jarðfræðafélags Íslands**

Ágrip erinda

Haldin í Öskju,
Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands
13. mars 2015

Umsjón:

Þorsteinn Sæmundsson, Sigurlaug María Hreinsdóttir og Lúðvík E. Gústafsson

Dagskrá Vorráðstefnu JFÍ, 13. mars 2015

08:30 – 09:00 Skráning

Fundarstjóri Þorsteinn Sæmundsson

09:00 – 09:10 Setning

Sigurlaug María Hreinsdóttir

09:10 – 09:30 Stærð og rúmmál Eldhrauns rétt einn ganginn

Snorri Páll Snorrason

09:30 – 09:50 Flug yfir Heklu: Ónauðsynleg áhætta í áætlunarflugi

Páll Einarsson

09:50 – 10:10 Deformation derived from GPS geodesy associated with the 2014-2015 Bárðarbunga rifting event

Hildur María Friðriksdóttir

10:10 – 10:30 Comparison of the Bárðarbunga 2014-2015 rifting event, slow caldera collapse and the eruption in Holuhraun with the 1975-1984 Krafla and 2005-2010 Dabbahu, Afar, rifting episodes

Freysteinn Sigmundsson

10:30 – 10:50 Kaffi

10:50 – 11:10 NordMin – norrænt samstarf á sviði málma 2013–2016

Bryndís Róbertsdóttir

11:10 – 11:30 The 1973–1996 Earthquake Sequence in Bárðarbunga Volcano. Seismic Activity Leading up to Eruptions in the NW-Vatnajökull Area

Ingi P. Bjarnason

11:30 – 11:50 What is for dinner? Geochemical energy from inorganic sources feeds microbial life in geothermal waters

Hanna Sisko Kaasalainen

11:50 – 12:10 The Vonarskarð Geothermal System: an oasis in the desert

Nicole S. Keller

12:10 – 12:40 Matur

Fundarstjóri Björn S. Harðarson

12:40 – 13:00 How and why Lateglacial shoreline were formed – a geological triangle

Hreggviður Norðdahl

13:00 – 13:20 Mat á endingu auðlinda jarðar

Kristín Vala Ragnarsdóttir

13:20 – 13:40 Hvers vegna virkar Landeyjahöfn ekki? Kemur jarðfræðafélaginu það við?

Páll Ímsland

13:40 – 14:00 Kvikugangurinn og óróaheiðurnar á leið hans frá Bárðarbungu til Holuhrauns – Greining smáskjálftagagna

Kristín Vogfjörð

14:00 – 14:20 Eftirlit með jarðhræringum í Bárðarbungu

Kristín Jónsdóttir

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015

- 14:20 – 14:40 Magnetic polarity map of Akrafjall and Skarðsheiði and new ^{40}Ar - ^{39}Ar age dating from West Iceland
Jóhann Helgason
- 14:40 – 15:00 Remote sensing and real time monitoring of Nornahraun lava flow field 2014-2015
Ingibjörg Jónsdóttir
- 15:00 – 15:20 Kaffi**
- 15:20 – 15:40 The unlikelyhood of shallow lateral magma dyking during the Bárðarbunga 2014 activity
Olgeir Sigmarsson
- 15:40 – 16:00 Áhrif Kárahnjúkastíflu á framburð Jökulsár á Dal og Lagarfljóts á svifaur og uppleystum efnun.
Eydís Salóme Eiríksdóttir
- 16:00 – 16:20 Recycling of Phanerozoic crustal material by the Iceland mantle plume: new evidence from nitrogen isotopes
Sæmundur Ari Halldórsson
- 16:20 – 16:40 Nokkrir þættir úr sögu bergfræðismásjáa
Leó Kristjánsson
- 16:40 – 17:00 Sprunguhreyfingar í nágrenni gangainnskotsins undir Holuhrauni
Ásta Rut Hjartardóttir
- 17:00 – 17:10 Verndun jarðminja, ProGEO ráðstefna í Reykjavík 8-12. September 2015
Lovísa Ásbjörnsdóttir
- 17:10 - Móttaka**

Veggspjöld

Hefur gerð kvikuaðfærslukerfis áhrif á stærð eldgosa? Samanburður á rúmmáli gjósku í sögulegum og forsögulegum Kötlugosum

Bergrún Arna Óladóttir, Guðrún Larsen og Olgeir Sigmarsson

Numerical modelling of crustal deformation due to geothermal fluid extraction and re-injection in the Hengill area

Daniel Juncu, Þóra Árnadóttir, Tabrez Ali, Gunnar Gunnarsson and Andrew Hooper

Súr-ísúr gjóskulög frá Kötlu og Heklu: helstu kornastærðareinkenni og breytingar á þeim í tíma og rúmi

Edda S. Þorsteinsdóttir, Esther R. Guðmundsdóttir og Guðrún Larsen.

Deflation and Deformation of the Askja Caldera Complex, Iceland, since 1983: Strain and Stress Development on Caldera Boundaries prior to Tsunami Generating Rockslide in 2014 at Lake Öskjuvatn

Freysteinn Sigmundsson, Vincent Drouin, Michelle Parks, Stephanie Dumont, Elías Rafn Heimisson, Ásta Rut Hjartardóttir, Páll Einarsson, Ármann Höskuldsson, Bryndís Brandsdóttir, Þorsteinn Sæmundsson, Tómas Jóhannesson, Jón Kristinn Helgason, Erik C Sturkell, Rikke Pedersen, Andrew J Hooper, Karsten Spaans, Christian Minet og Magnús Tumi Guðmundsson

Jarðskjálftar á Íslandi 2014

Gunnar B. Guðmundsson, Bergþóra S. Þorbjarnardóttir og Sigprúður Ármannsdóttir

Mapping of fracture systems in the Reykjanes Peninsula Oblique Rift near Reykjavík

Páll Einarsson, Ásta Rut Hjartardóttir, Sigríður Björgvinsdóttir, and students of the course Current Crustal Movements in the Faculty of Earth Sciences, University of Iceland 2014

Grain size distribution and characteristics of the tephra from the Vatnaöldur AD 871±2 eruption, Iceland

Tinna Jónsdóttir, Guðrún Larsen og Magnús T. Guðmundsson

CarbFix: Binding koldíoxíðs í bergi á Hellsheiði

Sandra Ó. Snæbjörnsdóttir, Kiflom G. Mesfin, Ingvi Gunnarsson, Edda Sif Aradóttir, Bergur Sigfússon, Einar Gunnlaugsson, Eric Oelkers, Martin Stute, Juerg Matter og Sigurður R. Gíslason

Ore-forming processes in Reykjanes geothermal pipelines, Iceland

V Hardardóttir, JW Hedenquist, MD Hannington

Árstíðabreytingar í tíðni gróðurelda á Íslandi

Þröstur Þorsteinsson

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015

Efnisyfirlit

Dagskrá Vorráðstefnu JFÍ, 13. mars 2015	i
Efnisyfirlit	v
Ágrip	1
Sprunguhreyfingar í nágrenni gangainnskotsins undir Holuhrauni	3
Ásta Rut Hjartardóttir, Páll Einarsson, Magnús Tumi Guðmundsson og Þórdís Högnadóttir	
Hefur gerð kvikuaðfærslukerfis áhrif á stærð eldgosa? Samanburður á rúmmáli gjósku í sögulegum og forsögulegum Kötlugosum	5
Bergrún Arna Óladóttir, Guðrún Larsen og Olgeir Sigmarsson	
NordMin – norrænt samstarf á sviði málma 2013–2016	6
Bryndís G. Róbertsdóttir, Hjalti Franzson, Vigdís Harðardóttir, Þorvaldur Þórðarson og Ármann Höskuldsson	
Numerical modelling of crustal deformation due to geothermal fluid extraction and re-injection in the Hengill area.....	8
Daniel Juncu, Þóra Árnadóttir, Tabrez Ali, Gunnar Gunnarsson and Andrew Hooper	
Súr-ísúr gjóskulög frá Kötlum og Heklu: helstu kornastærðareinkenni og breytingar á þeim í tíma og rúmi	9
Edda S. Þorsteinsdóttir, Esther R. Guðmundsdóttir og Guðrún Larsen.	
Áhrif Kárahnjúkastíflu á framburð Jökulsár á Dal og Lagarfljóts á svifaur og uppleystum efnum.	11
Eydís Salome Eiríksdóttir, Sigurður Reynir Gíslason og Jórunn Harðardóttir	
Comparison of the Bárðarbunga 2014-2015 rifting event, slow caldera collapse and the eruption in Holuhraun with the 1975-1984 Krafla and 2005-2010 Dabbahu, Afar, rifting episodes	13
Freysteinn Sigmundsson, Páll Einarsson, Michelle Parks, Stephanie Dumont, Benedikt G. Ófeigsson, Kristín Vogfjörð, Elías Rafn Heimisson, Vincent Drouin, Bryndís Brandsdóttir, Magnús Tumi Guðmundsson, Kristín Jónsdóttir, Andrew J Hooper, Carolina Pagli, Tim J. Wright, Erik C Sturkell, Rikke Pedersen	
Deflation and Deformation of the Askja Caldera Complex, Iceland, since 1983: Strain and Stress Development on Caldera Boundaries prior to Tsunami Generating Rockslide in 2014 at Lake Öskjuvatn.....	15
Freysteinn Sigmundsson, Vincent Drouin, Michelle Parks, Stephanie Dumont, Elías Rafn Heimisson, Ásta Rut Hjartardóttir, Páll Einarsson, Ármann Höskuldsson, Bryndís Brandsdóttir, Þorsteinn Sæmundsson, Tómas Jóhannesson, Jón Kristinn Helgason, Erik C Sturkell, Rikke Pedersen, Andrew J Hooper, Karsten Spaans, Christian Minet og Magnús Tumi Guðmundsson	
Jarðskjálftar á Íslandi 2014	16
Gunnar B. Guðmundsson, Bergþóra S. Þorbjarnardóttir og Sigprúður Ármannsdóttir	
What is for dinner? Geochemical energy from inorganic sources feeds microbial life in geothermal waters	17
Hanna Kaasalainen, Andri Stefánsson, Snædís Björnsdóttir, Guðmundur Óli Hreggvidsson, Nicole Keller, Sólveig Pétursdóttir	
Deformation derived from GPS geodesy associated with the 2014-2015 Bárðarbunga rifting event	18
Hildur M. Friðriksdóttir, Benedikt Gunnar Ófeigsson, Sigrún Hreinsdóttir, Michelle Parks, Freysteinn Sigmundsson, Stephanie Dumont, Þóra Árnadóttir, Halldór Geirsson, Andrew Hooper, Matthew Roberts, Rick Bennett, Erik Sturkell, Sigurjón Jónsson, Peter Lafemina, Þorsteinn Jónsson, Bergur Bergsson, Vilhjálmur Kjartansson, Sveinbjörn Steinþórsson, Páll Einarsson, Vincent Drouin	

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015

How and why Lateglacial shoreline were formed – a geological triangle.....	20
Hreggviður Norðdahl og Ólafur Ingólfsson	
The 1973–1996 Earthquake Sequence in Bárðarbunga Volcano. Seismic Activity Leading up to Eruptions in the NW-Vatnajökull Area.....	21
Ingi Þorleifur Bjarnason	
Remote sensing and real time monitoring of Nornahraun lava flow field 2014-2015	22
Ingibjörg Jónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Þorvaldur Þórðarson, Morten S. Riishuus and the Volcanology and Natural Hazard group, Institute of Earth Sciences, University of Iceland	
Magnetic polarity map of Akrafjall and Skarðsheiði and new ⁴⁰ Ar- ³⁹ Ar age dating from West Iceland.....	24
Jóhann Helgason, Robert A. Duncan, Hjalti Franzson, Ágúst Guðmundsson og Morten Riishuus	
Eftirlit með jarðhræringum í Bárðarbungu.....	25
Kristín Jónsdóttir og Eftirlitsteymið á Veðurstofu Íslands, Vísindamannaráð, FutureVolc-teymið	
Mat á endingu auðlinda jarðar	27
Kristín Vala Ragnarsdóttir, Deniz Koca, og Harald Sverdrup	
Kvikugangurinn og óróahviðurnar á leið hans frá Bárðarbungu til Holuhrauns – Greining smáskjálftagagna	29
Kristín S. Vogfjörð, Gunnar B. Guðmundsson, Kristín Jónsdóttir, Martin Hensch og Sölvi Þrastarson	
Nokkrir þættir úr sögu bergfræðismásjáa.....	30
Leó Kristjánsson	
Verndun jarðminja, ProGEO ráðstefna í Reykjavík 8.-12. september 2015.....	31
Lovísa Ásbjörnsdóttir og Kristján Jónasson	
The Vonarskarð Geothermal System: an oasis in the desert.....	32
Nicole S. Keller, Andri Stefánsson, Snædís Björnsdóttir, Sólveig K. Pétursdóttir, Haukur Jóhannesson, Guðmundur Ómar Fridleifsson, Guðmundur Óli Hreggviðsson, Hanna Kaasalainen and Jóhann Gunnarsson Robin	
The unliklyhood of shallow lateral magma dyking during the Bárðarbunga 2014 activity.....	33
Olgeir Sigmarsson, Guðmundur Guðfinnsson, Sæmundur A. Halldórsson	
Flug yfir Heklu: Ónauðsynleg áhætta í áætlunarflugi.....	35
Páll Einarsson	
Mapping of fracture systems in the Reykjanes Peninsula Oblique Rift near Reykjavík	36
Páll Einarsson, Ásta Rut Hjartardóttir, Sigríður Björgvinsdóttir, and students of the course Current Crustal Movements in the Faculty of Earth Sciences, University of Iceland 2014	
Hvers vegna virkar Landeyjahöfn ekki? Kemur jarðfræðafélaginu það við?	37
Páll Imsland	
CarbFix: Binding koldíoxíðs í bergi á Hellisheiði.....	39
Sandra Ó. Snæbjörnsdóttir, Kíflom G. Mesfin, Ingi Gunnarsson, Edda Sif Aradóttir, Bergur Sigfússon, Einar Gunnlaugsson, Eric Oelkers, Martin Stute, Juerg Matter og Sigurður R. Gíslason	
Stærð og rúmmál Eldhrauns rétt einn ganginn	41
Snorri P Snorrason	
Recycling of Phanerozoic crustal material by the Iceland mantle plume: new evidence from nitrogen isotopes	45
Sæmundur A. Halldórsson, David R. Hilton, Peter H. Barry, Evelyn Füre and Karl Grönvold	

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015

Grain size distribution and characteristics of the tephra from the Vatnaöldur AD 871±2 eruption, Iceland.	47
Tinna Jónsdóttir, Guðrún Larsen, and Magnús Guðmundsson	
Ore-forming processes in Reykjanes geothermal pipelines, Iceland	48
Vigdís Hardardóttir, JW Hedenquist, MD Hannington	
Árstíðabreytingar í tíðni gróðurelda á Íslandi	54
Þröstur Þorsteinsson	

Ágrip

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015

Sprunguhreyfingar í nágrenni gangainnskotsins undir Holuhrauni

Ásta Rut Hjartardóttir, Páll Einarsson, Magnús Tumi Guðmundsson og Þórdís Högnadóttir

Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

Í ágúst 2014 átti sér stað gangainnskot frá Bárðarbungu. Gangurinn náði að Holuhrauni, þar sem eldgos átti sér stað innan gömlu gíganna sem mynduðu Holuhraunið. Gangainnskotið varð að mestu leyti undir jökli, þar sem alla jafnan er erfitt að sjá yfirborðsummerki vegna gangsins. En norðan jökuls má sjá umtalsverð ummerki um sprunguhreyfingar, þar sem flestar sprungurnar teikna upp jaðra sigdals sem hefur hreyfst.

Sprungur voru þó ekki óþekktar á þessu svæði fyrir þessa atburði. Þannig hafa sprungur fundist í hólum sem liggja í vestanverðum sigdalnum (Hjartardóttir, 2013; Sigbjarnarson, 1993). Sprungur hafa þó ekki fundist áður í Holuhrauninu sjálfu, en það má leiða að því líkum að sprungur hafi legið undir Holuhrauninu, og hafi hreyfst síðast þegar eldsumbrotin sem mynduðu Holuhraun áttu sér stað.

Nýjar sprunguhreyfingar sást fyrst í flugi með flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, þann 27. ágúst 2014. Ekki er ólíklegt að sprunguhreyfingar hafi verið byrjaðar nokkrum dögum fyrr, enda hafði ekki verið leitað sérstaklega að ummerkjum um sprunguhreyfingar fyrr en í þessu flugi. Þann 27. ágúst sást þannig að um 700-1000 metra breiður sigdalur hafði myndast. Sigdalurinn náði allt frá jökuljaðri, og um 5 km til norðurs. Hátt í 8 km norður af jöklinum mátti einnig sjá tvær sprungulínur með einungis um 250-450 metra bili á milli.

Næstu myndir fengust af sigdalnum þann 29. ágúst, eftir að lítið eldgos hafði átt sér stað um 6 km norður af jöklinum. Hinn 700-1000 metra breiði sigdalur leit enn svipað út, en sitt hvorum megin við hina nýju gossprungu, norðan sigdalsins sem sást 27. ágúst, sást sprungulínur. Þessar sprungulínur voru í beinu framhaldi til suðurs af sprungulínunum sem sást 8 km norður af jöklinum þann 27. ágúst. Vegalengdin milli þessara sprungulína, sem hugsanlega teikna upp lítinn sigdal, var einungis um 250-450 metrar, sú hin sama og sást milli sprunganna sem sást 27. ágúst. Þann 31. ágúst hófst síðan eldgos á ný, og stóð það til 27. febrúar 2015. Þetta eldgos varð á sömu gossprungu og áður, en gossprungan lengdist þó, hafði verið rétt rúmlega 600 metrar í gosinu 29. ágúst en varð allt að 1900 metra löng í þessu gosi. Gossprungan lengdist því um 300 m til suðurs og 1000 m til norðurs. Hraun frá þessu eldgosi hefur hulið sprungurnar sem mynduðust sitt hvorum megin við gossprunguna sem myndaðist 29. ágúst. Eldgos kom einnig upp um 2,3 km sunnan þessarar gossprungu þann 5. september. Það gos kom upp á þremur gossprungum, en var þó einungis virkt í um tvo daga. Tvær þeirra voru aðliggjandi og voru um 150 og 110 metrar að lengd. Sú þriðja liggur um 180 m suðaustan við hinar tvær gossprungurnar og var um 250 m að lengd. Sjö þversnið voru tekin yfir sigdalinn með radarmælingum þann 21. janúar 2015. Samkvæmt þeim hefur sigdalurinn sigið um ~3.5-5.5 m í þessum atburðum.

Vídd sigdala hefur verið tengd við dýpi niður á kviku í gangi (Mastin and Pollard, 1988; Pollard et al., 1983). Þannig mátti leiða að því líkum þann 27. ágúst, áður en eldgosin byrjuðu, að kvika væri innan 300 m dýpis, og jafnvel enn grynnra um 8 km norðan jökulsins, þar sem bilið milli sprungulínanna var einungis um 250-450 metrar. Sá mjói sigdalur sást lengra til suðurs þann 29. ágúst, og gossprungan sem gaus þann dag var í miðju þess sigdals. Vídd sigdala

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015

og bil milli sprungulína getur því verið góður mælikvarði á dýpi niður á kviku og þar með gefið til kynna að kvika sé að nálgast yfirborð.

Heimildir:

- Hjartardóttir, Á.R., 2013. Fissure swarms of the Northern Volcanic Rift Zone, Iceland. Faculty of Earth Sciences.
- Mastin, L.G. and Pollard, D.D., 1988. Surface Deformation and Shallow Dike Intrusion Processes at Inyo Craters, Long Valley, California. *Journal of Geophysical Research: Solid Earth*, 93(B11): 13221-13235.
- Pollard, D.D., Delaney, P.T., Duffield, W.A., Endo, E.T. and Okamura, A.T., 1983. Surface deformation in volcanic rift zones. *Tectonophysics*, 94(1): 541-584.
- Sigbjarnarson, G., 1993. Norðan Vatnajökuls: II Jarðlagaskipan og jarðfræðikort (in Icelandic). *Náttúrufræðingurinn*, 63(3-4): 201-217.

Hefur gerð kvikuaðfærslukerfis áhrif á stærð eldgosa? Samanburður á rúmmáli gjósku í sögulegum og forsögulegum Kötlugosum

Bergrún Arna Óladóttir¹, Guðrún Larsen¹ og Olgeir Sigmarsson^{1,2}

¹Jarðvísindastofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík.

²Lab. Magmas et Volcans, CNRS-Université Blaise Pascal, Clermont-Fd., France

Aðeins hluti þeirrar kviku sem leggur leið sína um kvikukerfi eldstöðvar nær til yfirborðs sem gjóska eða hraun. Hinn hlutinn verður eftir sem innskot í rótum hennar. Hlutfall gosefna á yfirborði og innskota er vafalítið breytilegt með tíma. Mögulegt er að leggja mat á rúmmál gosefna, og þá einkum gjóskuhluta eldri gosa en hraun grafast fljótlega undir yngri hraunum og verða síður aðgengileg. Kortlagning á gjóskulögum og mat á rúmmáli þeirra gefur því hugmynd um kvikuframleiðni eldstöðva í fortíð og hvort, og þá hvernig, breytingar á hegðun þeirra tengist framleiðni.

Eldvirkni Kötlu einkennist af basalt sprengigosum og á síðustu ~8400 árum hafa orðið >300 slík gos. Að auki benda kerfisbundnar breytingar á aðalefnasamsetningu gjóskunnar til þess að kvikuaðfærslukerfi undir eldstöðinni sé breytilegt og hafi þróast úr einföldu kerfi (stöðugur styrkur kvikusækna efnisins K_2O sem fall af tíma) yfir í kerfi sillna og ganga (óreglulegur styrkur K_2O) sem þróast svo yfir í kvikuþró (stöðug aukning K_2O með tíma). Þetta gerir Kötlu að ákjósanlegri eldstöð til að skoða hvort stærð eldgosa tengist gerð kvikuaðfærslukerfis.

Um 40 jarðvegsopnur voru mældar umhverfis Kötlu, flestar austan og norðaustan eldstöðvarinnar, með það fyrir augum að kortleggja og meta rúmmál átta forsögulegra gjóskulaga frá tímabili sem einkennist af virkri kvikuþró. Tímabilið afmarkast af Landnámslaginu (V-871) og Heklu-S (~1860 BC). Jarðvegsopnur voru tengdar á alls 17 gjóskuleiðarlögum, ýmist stað- eða svæðisbundnum, og eins var stuðst við aðalefnagreiningar valinna gjóskulaga. Aldur Kötlugaganna var reiknaður út frá upphleðsluhraða jarðvegs milli aldursgreindra gjóskuleiðarlaga. Rúmmál þessara átta gjóskulaga var borið saman við birt rúmmál sögulegra gjóskulaga, þ.e. gjóskulaga sem mynduðust á tímabili sem einkennist af einföldu kvikuaðfærslukerfi. Í ljós kom að um 5 sinnum meira magn af gosefnum kom upp þegar kvikuhólf er virkt (á forsögulega tímabilinu) en þegar einfalt kvikuaðfærslukerfi ríkir (á sögulegum tíma) sem bendir til þess að kvikuaðfærslukerfi hafi áhrif á stærð eldgosa, nema að hvorutveggja sé afleiða af breytilegu kvikuinnstreymi að neðan.

NordMin – norrænt samstarf á sviði málma 2013–2016

Bryndís G. Róbertsdóttir¹, Hjalti Franzson², Vigdís Harðardóttir²,
Porvaldur Þórðarson³ og Ármann Höskuldsson⁴

¹ Orkustofnun, ²Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR), ³Jarðvísindadeild HÍ, ⁴Jarðvísindastofnun HÍ

Frá maí 2012 hefur Orkustofnun, fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, haldið utan um undirbúning og þátttöku Íslands í norræna samstarfsverkefninu *NordMin: A joint Nordic Network of Expertise for a Sustainable Mining and Mineral Industry*. Norræna ráðherranefndin leggur verkefninu til 30 millj. dkr. á tímabilinu 2013–2016, sem jafngildir um 600 millj. ísl. kr. Samhliða norrænu fjárveitingunni verður hugað að öðrum leiðum til að fjármagna starfsemi NordMin til lengri tíma. Íslenski NordMin vinnuhópurinn samanstendur af höfundum þessa ágríps, en íslenskum sérfræðingum sem koma að einstökum rannsókn- og nýsköpunarverkefnum fer fjölgandi.

Gerð vinnuáætlunar fyrir NordMin lauk í október 2013. Í þeirri áætlun er starfsemi NordMin skipt í eftirfarandi fjóra meginþætti:

1. NordMin rannsókn- og nýsköpunarverkefni. Ákveðið var að verja 60% af fjármunum NordMin, eða 18 millj. dkr., til rannsókn- og nýsköpunarverkefna. Auglýst var eftir umsóknum í október 2013. Eftir faglegt mat sérfræðinga utan Norðurlanda, ákvað stjórn NordMin í febrúar 2014, að veita styrki til fimm verkefna, þar sem hvert Norðurlanda leiðir eitt verkefni til þriggja ára. Ísland tekur þátt í eftirfarandi verkefnum:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands leiðir verkefnið *Sustainable Fibres from Basalt Mining (GREENBAS)*, sem var styrkt um 4,83 millj. dkr., en samstarfsaðilar eru Háskólinn í Reykjavík, ÍSOR, Jarðefnaíðnaður, og rannsóknastofnanirnar SINTEF í Þrándheimi og VTT í Finnlandi. Danska og grænenska jarðfræðistofnunin (GEUS) leiðir verkefnið *Crustal Structure and Mineral Deposit System: 3D-Modeling of Base Metal Mineralization in Jamson Land and Nickel Mineralization in Disko-Nuussuaq, Greenland (CRUSMID-3D)*, sem var styrkt um 1,87 millj. dkr., en samstarfsaðilar eru ÍSOR, Tækniháskólinn í Luleå og Avannaa Resources í Danmörku. Finnsla tæknirannsóknamiðstöðin (VTT) leiðir verkefnið *Water Conscious Mining (WASCIIOUS)*, sem var styrkt um 5,0 millj. dkr., en þrettán samstarfsaðilar eru frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Íslandi (ÍSOR) og Danmörku.

2. NordMin málþing. Ákveðið var að halda eitt málþing í hverju Norðurlandanna fimm, auk Grænlands, og er undirbúningur hvers málþings á ábyrgð viðkomandi landstengiliðs.

Svíar héldu fyrsta NordMin málþingið í Kaupmannahöfn 4. september 2014, undir yfirskriftinni *Funding Possibilities for Nordic Cooperation in the Mining Industry*. Norska jarðfræðistofnunin (NGU) hélt næsta NordMin málþing í Þrándheimi 18.–19. nóvember 2014, undir heitinu *Nordic Aggregates and Stones: Information and Collaboration*. Sex þátttakendur voru frá Íslandi. Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, jarðfræðingur hjá Mannviti, hélt fyrirlesturinn *Icelandic Aggregates: Characteristics and Production*, og Pétur Pétursson, jarðfræðingur hjá PP-ráðgjöf, hélt fyrirlesturinn *Physical Properties of Marine Aggregates in the Extraction Areas in Kollafjörður, Iceland*. Orkustofnun mun halda þriðja málþingið á Nauthóli í Reykjavík eftir rúma viku, eða 23.–24. mars. Yfirskrift málþingsins verður *On- and Offshore Exploration and Prospecting in Extreme Nordic Environments: Challenges and Benefits of Finding Exploitable Raw Materials*. Grænlandingar munu halda fjórða málþingið í Sisimiut dagana 6.–7. júní nk., en umfjöllunarefnið verður *Mining and Society in the Arctic*. Fimmta málþingið verður haldið í Danmörku í haust, en þar á að ræða um sjálfbærni á sviði málma. Norðmenn

munu halda sjötta málþingið vorið 2016, en þeir ætla að fjalla um umhverfismál á þessu sviði. Sjöunda og síðasta málþingið verður haldið í Finnlandi haustið 2016, en þar verða niðurstöður NordMin rannsókna- og nýsköpunarverkefna kynntar.

3. NordMin undirbúningsstyrkir. Í kjölfar hvers málþings auglýsir NordMin styrki til að undirbúa umsóknir um samnorræn verkefni um umfjöllunarefni málþingsins. Í framhaldi af fyrsta málþinginu veitti stjórn NordMin undirbúningsstyrk að upphæð 200.000 dkr. til verkefnisins *Spectroscopic Quantification of Critical Minerals and Applications for Exploration and Mining*, en fyrirhugað er að senda inn umsókn í H2020 áætlun ESB í apríl nk. Háskólinn í Oulu í Finnlandi leiðir verkefnið, en fjórir samstarfsaðilar eru frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

4. NordMin doktorsnámskeið. Ákveðið var að NordMin stæði fyrir þremur doktorsnámskeiðum. Það fyrsta var haldið við Tækniháskólann í Lulå dagana 8.–12. desember 2014, þar sem viðfangsefnið var *Minerals Industry Sustainability within a Nordic Context*. Námskeiðið sóttu 22 þátttakendur frá öllum Norðurlöndunum, en frá Íslandi komu: Arna Pálsdóttir, doktorsnemi í efnaverkfræði við Cornell háskóla í Bandaríkjunum, ásamt William Moreland og Robert Askew, doktorsnemum við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands, en þeir síðarnefndu tóku meistaranám sitt við Háskólann í Edinborg. Ákveðið hefur verið að doktorsnámskeiðið í ár verði haldið í Finnlandi, og viðfangsefnið verður að öllum líkindum *Water Management in Mining Operations*. Umræður eru hafnar um þriðja námskeiðið sem verður haldið árið 2016, en Jarðvísindadeild Háskóla Íslands hefur sóst eftir að halda námskeiðið, og þá í samstarfi við norska, danska og grænlenka háskóla.

Norrænt öndvegissetur á sviði málma. Þegar NordMin rannsókna- og nýsköpunarverkefni voru komin af stað, var ákveðið að næsta samstarfsverkefni yrði *Nordic Mineral Centre of Excellence (NordMinCoE): Mineral Resource Management as a Driver for Responsible Arctic Development*. NordMin styrkti gerð umsóknar til NordForsk, sem var send inn í byrjun mars, þar sem sótt var um styrk að upphæð 30 millj. nkr., fyrir tímabilið 2015–2019. Rannsóknastofnunin SINTEF í Þrándheimi leiddi gerð umsóknarinnar, en samstarfsaðilar eru NordMin, Tækniháskólinn í Luleå, Háskólinn í Þrándheimi (NTNU), Háskólinn í Tromsø, Háskóli Íslands, ÍSOR, Danska og grænlenka jarðfræðistofnunin (GEUS), Háskólinn í Oulu, Háskólinn í Waterloo, Kanada og Outotec í Finnlandi.

PDAC málmleitarráðstefna. PDAC er alþjóðleg ráðstefna sem Kanadamenn halda í Toronto í byrjun mars ár hvert. Ráðstefnuna sækja á bilinu 20.000–30.000 manns sem koma að málmleit og -vinnslu, s.s. á sviði jarðfræða og viðskipta, en Kanadamenn og Ástralir eru þar stærstir á heimsvísu. NordMin verkefnið hefur verið kynnt á ráðstefnunni í sameiginlegri dagskrá Svíþjóðar, Finnlands og Noregs. Grænendingar og Danir hafa einnig verið með sérstaka dagskrá á ráðstefnunni, þar sem þeir kynna tækifæri til málmleitar á Grænlandi. Fulltrúar ÍSOR og Orkustofnunar sóttu ráðstefnuna árin 2014 og 2015, og til skoðunar er hvort kynna eigi málmleitartækifæri á Íslandi á ráðstefnunni í framtíðinni.

Numerical modelling of crustal deformation due to geothermal fluid extraction and re-injection in the Hengill area

Daniel Juncu¹, Þóra Árnadóttir¹, Tabrez Ali², Gunnar Gunnarsson³ and Andrew Hooper⁴

¹Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Reykjavík, Iceland

²Department of Geoscience, University of Wisconsin, Madison, USA

³Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavík, Iceland

⁴University of Leeds, Leeds United Kingdom

The geothermal regions around the Hellisheiði and Nesjavellir power plants, fuelled by the Hengill volcano, are subject to surface deformation due to several processes. These include the motion of the Earth's crust due to plate spreading, co- and post seismic deformation due to earthquakes in the South Iceland Seismic Zone and deformation due to water and steam extraction and wastewater re-injection near geothermal power plants.

We measure surface displacement in the Hengill area using both GPS and InSAR data. The former are obtained from four continuous and more than 15 campaign GPS stations in the area, with time-series starting after two M6 earthquakes on 29 May 2008 in Ölfus - the westernmost part of the SISZ. The InSAR data consist of 10 images taken by the TerraSar-X mission, starting October 2009. The InSAR time-series has a temporal resolution of 1 to 3 images per year, taken at an incidence angle of approximately 30° from the vertical.

In the InSAR data we can see a clear subsidence signal in the proximity of the power plants with a maximum of ~24 mm/yr in Line-of-Sight direction (LOS) at Hellisheiði, after correcting for plate motion. The subsidence is elongated in NNE-SSW direction and possibly related to the orientation of the Hengill fissure swarm. In addition to subsidence, we observe an uplift signal of ca. 10 mm/yr in LOS west of the Hellisheiði site, potentially due to wastewater re-injection in the area. The area of maximum uplift is located close to the epicenters of two M4 earthquakes that occurred in October 2011.

We run numerical simulations using the Finite Element Method to model the poroelastic response of the crust to the fluid extraction and re-injection at the power plants, based on Biot's equations. The equations are solved implicitly using the code *Defmod*. We include the real extraction and injection rates, obtained from *Orkuveita Reykjavíkur*. These rates induce pressure change in the system and consequently drive the flow of pore fluids and the deformation. Preliminary results show that the observed surface deformation can in parts be explained by this effect. We use simulated annealing optimization to obtain constraints on the hydraulic parameters of the reservoir as well as properties of the local crust. The results will also help to verify prevalent conceptual models of the Hengill geothermal area.

Súr-ísúr gjóskulög frá Kötlu og Heklu: helstu kornastærðareinkenni og breytingar á þeim í tíma og rúmi


Edda S. Þorsteinsdóttir¹, Esther R. Guðmundsdóttir² og Guðrún Larsen³.

¹Jarðvísindadeild Háskóla Íslands. ²Norræna eldfjallasetrið, Jarðvísindstofnun Háskólans.

³Jarðvísindastofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Gjóskulagið SILK-NN er myndað í gosi í Kötlueldstöðinni fyrir um 3400 árum. Súru Kötlugjóskulögin eiga uppruna sinn í Kötluöskjunni og gosstöðvarnar voru líklega undir ís þegar gos hófst. Gjóskulagið H-1947 myndaðist í gosi í Heklu árið 1947. Gjóskulagið kom upp úr háhrygg Heklu þar sem eiginlegur jökull liggur ekki yfir þótt fannir séu í fjallinu.

Gjóska úr þessum tveim gosum var rannsökuð til að kanna mun á kornastærðardreifingu í gjóskulögum úr ólíku gosumhverfi og breytingar á henni með fjarlægð frá upptökum (Mynd 1). Sýni af SILK-NN gjóskunni voru tekin á 10 stöðum í 20 til 65 km fjarlægð frá upptökum. Alls voru tekin 21 sýni, bæði heildarsýni og sýni úr einstökum einingum gjóskulagsins. Upptök súrrar Kötlugjósku eru hér miðuð við Kötluöskjuna miðja. Sýni af H-1947 gjóskunni voru tekin á þrem stöðum í 19 til 42 km fjarlægð frá upptökum, samtals 8 sýni, en einnig er stuðst við kornastærðargreiningar af gjóskunni nýlega fallinni í 3,5 til 68 km fjarlægð (Thorarinsson 1954). Upptökin miðast við toppgíg Heklu.




Mynd 1: Meðalkornastærð SILK-NN og Heklu-1947 lögð út á móti fjarlægð frá upptökum. Rauðir hringir: Heklugjóskan 1947. Bláir þríhyrningar: Kötlugjóskan SILK-NN.

Niðurstöðurnar sýna greinilegan mun á meðalkornastærð og hlutfalli fínefna í gjóskulögnum frá þessum tveimur eldfjöllum. Heklugjóskan er mun grófari en Kötlugjóskan miðað við svipaða fjarlægð frá upptökum (Myndir 1 og 2).

Meðalkornastærð SILK-NN gjóskunnar breytist nokkuð með fjarlægð en allmikinn breytileika má sjá innan gjóskulagsins þar sem það er lagskipt. Meðalkornastærð Heklu 1947 breytist hinsvegar meira með fjarlægð en einnig má sjá mjög svo kerfisbundinn innri breytileika þar sem neðri hluti gjóskulagsins er alltaf grófari en efri hlutinn á sama stað. Heklusýni sem tekin voru nýlega fallin eru með á kornastærðargröfum, en þau voru hins vegar aðeins sigtuð niður að 0,063 mm (4 Φ) og fínefni <0,063 mm ekki aðgreind. Það skekkir örlítið niðurstöðurnar hvað varðar meðalkornastærðina í þeim Heklusýnum og líklega mælist meðalkornastærðin þar aðeins minni en ella.

Í um 68 km fjarlægð frá upptökum er meðalkornastærð Heklu-1947 gjóskunnar 0,23 mm (2,10 Φ , heildarsýni) en í SILK-NN Kötlu gjóskunni er meðalkornastærðin 0,13 mm (2,94 Φ , heildarsýni) í 65 km fjarlægð.



Mynd 2: Hlutfall fínefnis $\le 4 \Phi$ ($\le 0,063$ mm) í gjóskulögunum Heklu-1947 og SILK-NN lagt út á móti fjarlægð frá upptökum.

Magn fínefna er mun meira í Kötlu gjóskunni en Heklu gjóskunni. Hlutfall fínefnis sem er $\le 0,063$ mm í 20-70 km fjarlægð er 22-45% af heildarþunga (breytileiki í lagskiptu gjóskulagi) í Kötlu gjóskunni en í Heklu gjóskunni er hlutfallið 1-33% af heildarþunga í sömu fjarlægðum. Í sýnum sem tekin voru af Heklu gjóskunni nýlega fallinni er hlutfallið ívið hærra. Athygli vekur að hlutfall fínefnis sem er smærra en 0,011 mm ($< 6.5 \Phi$) breytist lítið sem ekkert með fjarlægð. Í Kötlu gjóskunni er hlutfallið af heildarþunga 3-7% í 20 km fjarlægð og 1-8% í 65 km fjarlægð frá upptökum. Í Heklu gjóskunni er hlutfallið einungis um 0,15-1,5% af heildarþunga, en aðeins sýni sem safnað var vegna þessa verkefnis voru greind.

Verkefnið var styrkt af ICAO (International Civil Aviation Organization) sem hluti af samvinnuverkefni Veðurstofu Íslands og Háskóla Ísland, Úttekt íslenskra eldstöðva.

Heimild: Thorarinsson, S., 1954. The tephra-fall from Hekla on March 29th 1947. *The eruption of Hekla 1947-48*. II, 3: 1-68. Societas Scientiarum Islandica, Reykjavík.

Áhrif Kárahnjúkastíflu á framburð Jökulsár á Dal og Lagarfljóts á svifaur og uppleystum efnum.

Eydís Salome Eiríksdóttir¹, Sigurður Reynir Gíslason¹ og Jórunn Harðardóttir²

¹Jarðvísindastofnun Háskólans, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

²Veðurstofa Íslands, Bústaðavegur 7-9, 108 Reykjavík


Bygging Kárahnjúkastíflu og myndun Háslóns á árunum 2003 – 2007 olli umtalsverðum breytingum á vatnasviðum Jökulsár á Dal (Jöklu) og Lagarfljóts. Vatn sem áður barst hratt til sjávar eftir farvegi Jöklu safnast nú í Háslón þar sem það dvelst þar til því er hleypt um aðrennslisgöng Fljótsdalsstöðvar. Þaðan rennur vatnið svo yfir í Lagarfljót og berst með því til sjávar.

Þessi tvö vatnsföll voru vöktuð, ásamt nokkrum öðrum, með tilliti til rennslis, styrks svifaurs og uppleystra efna í fimm ár áður en ráðist var í virkjunarframkvæmdir og í fimm ár eftir að framkvæmdum lauk og rafmagnsframleiðsla hófst (Sigurður Reynir Gíslason o.fl., 2006; 2009; Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2008; 2013; 2014). Því er hægt að meta áhrif virkjunarinnar á þá þætti sem mældir voru í vatnsföllunum. Jökla og Lagarfljót hafa sameiginlegan árófs við Héraðsflóa og til að meta heildaráhrif virkjunarinnar á framburð þeirra til sjávar þarf að líta til beggja þessara vatnsfalla.

Fyrir virkjun var Jökla eitt aurugasta jökulfljót landsins, og bar með að meðaltali 5,8 milljón tonna af svifaur á ári frá 1970 til 1999 (Svanur Pálsson o.fl., 2000). Á tímabilinu júlí til september var rennsli árinna hæst og aurburður mestur. Eftir virkjun safnast allt rennsli Jöklu í Háslón þar til það fyllist í lok ágúst – byrjun september og fer á yfirfall. Uppistaða vatnsins veldur því að mikið af jökulaur sest til í Háslóni en þó berst mikið af fíngerðum aur áfram í gegn um aðrennslisgöngin yfir í Lagarfljót. Á meðan Háslón fyllist er einnig notað vatn úr Hraunaveitu, sem er á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal og Lagarfljóts. Fylling Háslóns yfir sumartímanna veldur því að vatnsrennsli í farvegi Jöklu er einungis haldið uppi af dragám af heiðunum í kring. Þar af leiðandi er rennsli lítið og framburður svifaurs og uppleystra efna breytt miðað við ótruflað ástand.

Framburður Jöklu og Lagarfljóts á svifaur og uppleystum efnum var reiknaður út frá svokölluðum efna- og svifaurslyklum sem byggjast á mældum styrk uppleystra efna og svifaurs og augnabliksrennsli þegar sýnin voru tekin. Lyklarnir voru síðan notaðir ásamt meðalrennsli hvers dags á árunum 1998 – 2003 og 2008 – 2013 til að reikna styrk og framburð efnanna. Dæmi um niðurstöður þessara framburðarreikninga má sjá á mynd 1 fyrir Jöklu, Lagarfljót og svo samanlagður framburður þessara vatnsfalla.

Helstu niðurstöður eru að þó að árstíðasveiflan í rennsli og efnaframburði vatnsvallanna hafi breyst, hefur heildar ársrennsli Jöklu og Lagarfljóts haldið sér. Árlegur framburður flestra uppleystra aðalefna og margra snefilefna hefur ekki breyst mikið við virkjunina (0 – 20%). Á hinn bóginn hefur heildarframburður svifaurs minnkað úr ~5,9 milljónum tonna á ári í um 860 þúsund tonn á ári, eða um 85%. Heildarframburður leystu efnanna SiO₂, Mo, Zn, Al og Co jókst um 30 – 50%, og snefilefnanna Ti og Fe um 250% og 370%, Ti úr 4,75 tonnum á ári í 16,7 tonn á ári og Fe úr 58 tonnum á ári í 286 tonn á ári.



Mynd 1. Dagsmeðalrennsli og -framburður á svifaur og uppleystum kísli (SiO_2) Jökulsár á Dal og Lagarfljóts og svo samanlagður framburður vatnsfallanna fyrir hvern dag á árunum 1998 – 2003 og 2008 – 2013.

Heimildir:

- Eiríksdóttir E. S., Louvat P., Gíslason, S. R., Óskarsson. N. Ö. and Hardardóttir J. (2008) Temporal variation of the chemical and mechanical weathering in NE-Iceland, evaluation of a steady-state model of erosion. *Earth Planet. Sci. Lett.* **272**, 78-88.
- Eiríksdóttir E. S., Gíslason S.R. and Oelkers E.H. (2013) Does temperature or runoff control the feedback between chemical denudation and climate? Insights from NE Iceland. *Geochim. Cosmochim. Acta* **107**, 65 – 81.
- Eydís Salome Eiríksdóttir, Sigurður R. Gíslason, Árni Snorrason, Jórunn Harðardóttir, Svava B. Þorlákssdóttir, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Rebecca A. Neely (2014), Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Austurlandi XI. Gagnagrunnur Jarðvísindastofnunar og Veðurstofnunar. RH-05-2014, 126 bls.
- Gíslason S.R., Oelkers, E.H. and Snorrason Á., 2006. The role of river suspended material in the global carbon cycle. *Geology* **34**, 49–52.
- Gíslason S.R., Oelkers E.H., Eiríksdóttir E.S., Kardjilov M.I., Gísladóttir G., Sigfusson B., Snorrason A., Elefsen S., Hardardóttir J., Torssander P. and Óskarsson N. (2009) Direct evidence of the feedback between climate and weathering. *Earth Planet. Sci. Lett* **277**, 213–222.
- Svanur Pálsson, Jórunn Harðardóttir, Guðmundur H. Vigfússon and Árni Snorrason (2000). Reassessment of suspended sediment load of river Jökulsá á Dal at Hjarðarhagi. Report Orkustofnun OS-2000/070, Reykjavík, Iceland.

Comparison of the Bárðarbunga 2014-2015 rifting event, slow caldera collapse and the eruption in Holuhraun with the 1975-1984 Krafla and 2005-2010 Dabbahu, Afar, rifting episodes

Freysteinn Sigmundsson¹, Páll Einarsson¹, Michelle Parks¹, Stephanie Dumont¹, Benedikt G. Ófeigsson², Kristín Vogfjörð², Elías Rafn Heimisson¹, Vincent Drouin¹, Bryndís Brandsdóttir¹, Magnús Tumi Guðmundsson¹, Kristín Jónsdóttir², Andrew J Hooper³, Carolina Pagli⁴, Tim J. Wright³, Erik C Sturkell⁵, Rikke Pedersen¹

¹ Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland

² Icelandic Meteorological Office, Iceland

³ Centre for the Observation and Modelling of Earthquakes and Tectonics (COMET), School of Earth and Environment, University of Leeds, Leeds

⁴ Department of Earth Sciences, University of Pisa

⁵ Department of Earth Sciences, University of Gothenburg

The 2014-2015 rifting event, slow caldera collapse, and eruption in the Bárðarbunga volcanic system can be compared to two instrumentally recorded rifting episodes at subaerial parts of the mid-oceanic rift system, the 1975-1984 Krafla rifting episode and the 2005-2010 Dabbahu (northern Manda Hararo) rifting episode in Afar, Ethiopia. The Krafla and Dabbahu rifting episodes show many similarities (Wright *et al.*, 2012). Magma at these spreading centres is supplied to the crust in an intermittent manner, and stored at multiple positions and depths. During the rifting episodes it was laterally intruded in dykes within the brittle upper crust releasing accumulated extensional strain. Observed ground deformation and behaviour of Krafla shows that a shallow magma chamber at about 3 km depth received continuous inflow of magma from a deeper source, at an exponentially declining rate during the rifting episode.

The shallow chamber inflated (causing surface uplift of rates of up to 6 mm day), until it reached a critical limit, which in turn triggered the rifting events. At Dabbahu, magma was delivered to a fissure swarm from multiple source regions. Cumulative extension of the ground at Krafla and Dabbahu averaged about 5 m, over 60-80 km long segments of the fissure swarms involved. Eruptions resulted in relative small volumes, mainly occurring near the end of the rifting episodes.

Seismic and geodetic observations of the recent Bárðarbunga events reveal more details of the segmented nature of lateral dyke propagation than at Krafla and Dabbahu. Geophysical observations, both of seismicity and deformation, show how dyke barriers were overcome by the build-up of pressure at the dyke tip (Sigmundsson *et al.*, 2015). The observations indicate also one location of pressure drop, under the Bárðarbunga caldera. An outstanding feature of the Bárðarbunga events is the slow caldera collapse; not observed either at Krafla or Dabbahu. The erupted volume in Holuhraun is about an order of magnitude larger than the total erupted volume during the Krafla and Dabbahu rifting episodes. The piston type slow caldera collapse at Bárðarbunga may be responsible for the larger erupted volume in the 2014-2015 events compared to the earlier instrumentally observed cases of rifting.

References:

- Freysteinn Sigmundsson, Andrew Hooper, Sigrún Hreinsdóttir, Kristín S. Vogfjörð, Benedikt Ófeigsson, Elías Rafn Heimisson, Stéphanie Dumont, Michelle Parks, Karsten Spaans, Gunnar B. Guðmundsson, Vincent Drouin, Thóra Árnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Magnús T. Guðmundsson, Thórdís Högnadóttir, Hildur María Friðriksdóttir, Martin Hensch, Páll Einarsson, Eyjólfur Magnússon, Sergey Samsonov, Bryndís Brandsdóttir, Robert S. White, Thorbjörg Ágústsdóttir, Timothy Greenfield, Robert G. Green, Ásta Rut Hjartardóttir, Rikke Pedersen, Rick Bennett, Halldór Geirsson, Pete LaFemina, Helgi Björnsson, Finnur Pálsson, Erik Sturkell, Christopher J. Bean, Martin Möllhoff, Aoife Braiden, and Eva P.S. Eibl, Segmented lateral dyke growth in a rifting event at Bárðarbunga volcanic system, Iceland, *Nature*, 517, 191–195, doi:10.1038/nature14111, 2015 (Online 15 December 2014).
- Tim J. Wright, Freysteinn Sigmundsson, Carolina Pagli, Manahloh Belachew, Ian J. Hamling, Bryndís Brandsdóttir, Derek Keir, Rikke Pedersen, Atalay Ayele, Cindy Ebinger, Páll Einarsson, Elias Lewi and Eric Calais (2012), Geophysical constraints on the dynamics of spreading centres from rifting episodes on land, *Nature Geoscience*, 5, 242–250 (2012) doi:10.1038/ngeo1428, 2012.

Deflation and Deformation of the Askja Caldera Complex, Iceland, since 1983: Strain and Stress Development on Caldera Boundaries prior to Tsunami Generating Rockslide in 2014 at Lake Öskjuvatn

Freysteinn Sigmundsson¹, Vincent Drouin¹, Michelle Parks¹, Stephanie Dumont¹, Elías Rafn Heimisson¹, Ásta Rut Hjartardóttir¹, Páll Einarsson¹, Ármann Höskuldsson¹, Bryndís Brandsdóttir¹, Þorsteinn Sæmundsson¹, Tómas Jóhannesson², Jón Kristinn Helgason², Erik C Sturkell³, Rikke Pedersen¹, Andrew J Hooper⁴, Karsten Spaans⁴, Christian Minet⁵ og Magnús Tumi Guðmundsson¹

¹ Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland

² Icelandic Meteorological Office, Iceland

³ Department of Earth Sciences, University of Gothenburg

⁴ Centre for the Observation and Modelling of Earthquakes and Tectonics (COMET), School of Earth and Environment, University of Leeds, Leeds

⁵ German Aerospace Center (DLR) Oberpfaffenhofen Oberpfaffenhofen Germany

The relation between ground deformation and caldera development can be studied at the Askja caldera complex at the divergent plate boundary in Iceland. The Lake Öskjuvatn caldera, 4-5 km wide and about 250 m deep, began forming shortly prior to a major explosive eruption in 1875 and continued to grow rapidly for over 2 decades. The boundaries of the caldera collapse remain unstable. A large rockslide on 21 July 2014 of the order of 30-100 million cubic meters generated a lake tsunami with run up heights of over 30 m. Geodetic measurements at the volcano since 1983 suggest that instability of the basal plane of failure of the rockslide may have steadily increased as the volcano deflated throughout this period. Deformation (subsidence and horizontal contraction) has been mapped by levelling, distance measurements, GPS and satellite radar interferometry (InSAR) using the ERS, Envisat, Radarsat, TerraSAR-X and Cosmo-SkyMed satellites. An intermediate digital elevation model has been delivered by the TanDEM-X mission. Initial subsidence rate was up to 7 cm/yr, decaying to 2-3 cm in recent years. A large part of the signal can be reproduced by a model with pressure decrease in a spherical source at 3 km depth, interpreted as a pressure drop in a magma chamber, or subsidence may occur over a structurally weak region in relation to plate spreading. The 2014 rockslide has a basal plane of failure passing through intact rock. A section of the basal plane is exhumed by the slide, revealing impressive striations and slip marks. A simple model, assuming uniform elastic halfspace with a rectangular failure plane extending to the surface, indicates that Coulomb stress on the failure plane or a deeper weakness zone under the rockslide, increased by over 2 MPa since 1983 due to the deflation, exceeding the change often associated with stress triggering of earthquakes. Furthermore, the slide occurred in an area of persistent geothermal and seismic activity. Although gravity, geothermal alteration, topography and climate factors are likely to dictate mostly the 21 July 2014 rockslide, our observations and modelling indicate the rockslide is an integral event in the development of the Öskjuvatn caldera, with deflation of the volcano in recent decades contributing to instability of the caldera boundary and failure on the basal plane of the rockslide.

Jarðskjálftar á Íslandi 2014

Gunnar B. Guðmundsson, Bergþóra S. Þorbjarnardóttir og Sigprúður Ármannsdóttir

Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, IS-108 Reykjavík

Um 50.000 jarðskjálftar mældust með jarðskjálftamælakerfi Veðurstofu Íslands árið 2014. Mesta virknin tengdist umbrotunum í Bárðarbungu. Samtals 85 jarðskjálftar urðu við öskju Bárðarbungu af stærð M_{lw} 5,0 – 5,7, en margra þeirra varð vart við Eyjafjörð. Mörg hundruð skjálftar urðu af stærð M_{lw} 4,0 – 4,9. Sig í Bárðarbungu olli þessum skjálftum, en flestir þeirra urðu við norðurbrún öskjunnar. Skjálftavirknin var þó mest í kvikuganginum á meðan kvikan braut sér leið í gegnum jarðskorpuna að eldstöðinni í Holuhrauni. Frá 16. ágúst og fram að eldgosinu 31. ágúst mældust 1000 – 1700 skjálftar á dag. Úrvinnslu er ekki fullu lokið. Umbrotin höfðu áhrif á stóru svæði. Skjálftavirkni jókst við Öskju og náði hámarki 27. ágúst, en þá mældist skjálfti af stærð M_l 4,1 undir Dreka. Skjálftavirkni við Herðubreið og Herðubreiðartögl jókst þó ekki fyrr en við upphaf eldgossins. Það dró úr skjálftavirkni á þessum svæðum eftir miðjan september. Talsverð skjálftavirkni mældist einnig við Tungnafellsjökul strax við upphaf umbrotanna og hélst út árið.

What is for dinner? Geochemical energy from inorganic sources feeds microbial life in geothermal waters

Hanna Kaasalainen¹, Andri Stefánsson¹, Snædís Björnsdóttir^{2,3},
Guðmundur Óli Hreggvidsson^{2,3}, Nicole Keller¹, Sólveig Pétursdóttir²

¹Jarðvísindastofnun, Háskóli Íslands

²Matís

³Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands

Surface environments of active geothermal systems are characterized by surface temperatures ranging from ambient to 100°C, pH values between 2 and 10, and steep redox gradients. These quite extreme environments are known to host diverse microbial life that is dependent on energy from sunlight or in the form of chemical energy. Photosynthesis is limited to temperatures below 73-75°C, above which chemosynthetic processes occur with the upper temperature limit being unknown. Microorganism may utilize a vast variety of chemical energy sources available, yet the interaction between the microbial communities and the geochemical environment remains poorly understood in surface geothermal environments. The collaboration between the Icelandic microbiologists and geochemists aims to increase the understanding of the microbe-water-rock interaction processes in geothermal environments.

Chemical energy can be released by chemical reactions that move from disequilibrium towards equilibrium. Some reactions occur instantaneously and approach equilibrium, whereas others including many electron transfer (redox) reactions are slow and often found at disequilibrium in natural waters. An example includes the sulfur system (Kaasalainen and Stefánsson, 2011). The chemical potential deriving from such chemical disequilibrium may provide energy for metabolic systems and micro-organisms couple redox reactions that are thermodynamically favored but kinetically inhibited.

Staðsetning Vestmannaeyja úti fyrir ströndinni veldur öldusveigju. Eyjarnar draga úr ölduhraða þannig að aldan austan og vestan eyjanna fer hraðar en á styttestu leiðinni beint á milli Eyja og lands svo að aldan sveigir inn í skjólið. Suðlæggar áttir (suðaustan-suðvestan) sem eru algengustu og áhrifamestu öldustefnurnar á svæðinu bera strandsandinn því úr báðum áttum inn í ölduskjólið sem veldur því að þar safnast hann saman á ströndinni og myndar smám saman tanga út í átt til eyjanna, svokallaðan granda (tombolo). Sandburðurinn er ekki til langframa fram hjá höfninni heldur að þeim stað þar sem hún var sett niður.

Hvernig virkar þetta á höfnina? Framan við höfnina safnast upp sandur sem smátt og smátt lokar hana af.

Landálsstraumar

Strandstraumar eru meðfram ströndinni í landál innan útrifs. Áhlaðandi verður við ströndina og því stendur sjór þar hærra en utan útrifsins. Þetta setur af stað strauma meðfram ströndinni í landálnum. Þessir straumar mynda kerfi sem streyma í báðar áttir. Því kemur að því að landálsstraumarnir mætast úr andstæðum áttum og þá brjótast þeir út í gegnum útrifið. Þeir mynda sund í það sem frá fornu fari hafa kallast hlið og verið helsta siglingaleiðin að og frá ströndu á tímum ára- og seglbátaútgerðar á Suðurströnd landsins. Í hliðunum er dýpi mest og ölduhæð lægst úti fyrir sjálfri ströndinni og brotsjóir fátíðastir og lægstir. Jafnvel er það góður sjór og siglingafær þó alls staðar brjóti á útrifinu. Slíkt hlið er beint fram af Landeyjahöfn og þar er ölduhæðin lægst.

Hvernig virkar þetta á höfnina? Framan við höfnina er ölduhæð lægst og þar er minnst hafrót, minnstur setflutningur verður framhjá staðnum til lengri tíma litið en í þess stað samsöfnun á seti.

Landeyjatangi

Þessi tangi eða útbugur á ströndinni er eini tanginn á allri setströnd Suðurlands í nágrenni stórflyjóts. Allar aðrar stórar koma fram á flata ströndia ef svo má segja, hversu mikið sem þær bera af seti. Það er því ekki framburður Markarflyjóts sem veldur Landeyjatanga, heldur sú staðreynd að þarna eru öldu- og straumaskilyrði öðru vísi en annars staðar við ströndina og eru að byggja hana út. Árið 1919 strandaði þarna dönsk stálskúta, Dragör. Restarnar af flaki hennar má enn finna rúma 450 m inni í landi, stystu leið að ströndinni u.þ.b. einum km austar en höfnin er. Þetta þýðir að meðalvöxtur Landeyjatanga á 20. öldinni hefur verið tæpir 5 m á ári til suðurs.

Afsakanir og yfirlýsing

Settar hafa verið fram allskonar afsakamir fyrir þeim mistökum að setja höfnina niður þarna og tilraunir til útskýringa á vandamálum tengdum höfninni og notkun hennar, en engar af þeim, sem höfundur hefur heyrt, standast rökræna skoðun. Kostnaður við gerð og rekstur hefur farið langt fram úr öllum áætlunum og þjóðin situr uppi með enn ein ógnaardýr mistök í framkvæmdum, sem hefði verið hægt að komast hjá með faglegri vinnubrögðum og með notkun á strandjarðfræðilegri þekkingu í undirbúningi og aðdraganda.

Rúsína í pylsuenda

Þrátt fyrir ítrekuð mistök í undirbúningi ýmissa hafnamála, virðist sú opinbera stofnun sem ber ábyrgð á þeim, eftir áratuga starfsemi og röð mistaka ekki hafa áttað sig á því hvað jarðfræði er og hvers sú fræðigrein er megnug.

Hver er ábyrgð Jarðfræðafélags Íslands í svona tilviki? Eiga þau samtök ekki að tjá sig opinberlega þegar þekkingin sem félagsskapurinn snýst um er opinberlega sniðgengin, samfélaginu misboðið og ríkissjóði sendur endalaus reikningur, og það liggur fyrir að fagleg jarðfræðileg þekking hefði átt að notast við undirbúninginn? Er félagsskapurinn ekki málssvari þess að fagið sé nýtt sem víðast og sem best?

CarbFix: Binding koldíoxíðs í bergi á Hellisheiði

Sandra Ó. Snæbjörnsdóttir¹, Kiflom G. Mesfin¹, Ingvi Gunnarsson², Edda Sif Aradóttir², Bergur Sigfússon², Einar Gunnlaugsson², Eric Oelkers³, Martin Stute⁴, Juerg Matter⁴ og Sigurður R. Gíslason¹


¹Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík, Iceland

²Reykjavík Energy, Baejarhálsi 1, 110 Reykjavík, Iceland

³GET, CNRS/UMR 5563-Université Paul Sabatier, 14 rue Edouard Belin, 31400 Toulouse, France

⁴Lamont-Doherty Earth Observatory of Columbia University, 61 Route 9W, New York 10964, USA

Tilgangur CarbFix verkefnisins er að meta möguleika á bindingu koldíoxíðs (CO_2) sem karbónatsteindir í basalti í þeim tilgangi að draga úr áhrifum þess á loftslag. Koldíoxíðið er að fullu uppleyst í vatni áður en því er dælt niður í basaltlög á um 500-800 m dýpi í Svínahrauni um 3 km sunnan við Hellisheiðarvirkjun (mynd 1). Vatnið hvarfast við bergið og leysir málmjónir sem bindast koldíoxíðinu og mynda karbónatsteindir á borð við kalsít (CaCO_3), magnesít (MgCO_3) og síderít (FeCO_3). Þar með er koldíoxíðið bundið í steindir og getur verið stöðugt þar í milljónir ára [1].




Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir niðurdælingarsvæðið á Hellisheiði. Gasi frá Hellisheiðarvirkjun og vatni úr holu HN-01 er dælt niður í jarðlög í holu HN-02 í Svínahrauni, um 3 km sunnan virkjunarinnar. Á myndinni er einnig sýnd vöktunarholan HN-04. (Mynd byggð á Alfredsson et al., 2013 [2]).

Tvær tilraunaniðurdælingar hafa farið fram á CarbFix svæðinu í Svínahrauni. Á tímabilinu janúar til mars 2012 var 175 tonnum af koldíoxíði dælt niður í holu HN-02 og í júní til ágúst sama ár var 73 tonnum af gasblöndu (75% CO_2 , 25% H_2S og 1% H_2) frá Hellisheiðarvirkjun dælt niður á sama stað. Yfirgripsmikil efnavöktun með reglubundinni vatnssýnatöku hefur farið fram á CarbFix svæðinu fyrir, eftir og á meðan niðurdælingunum stóð, en sýnum fyrir aðal- og snefilefnagreiningu hefur verið safnað í tíu holum á svæðinu. Þá hefur Jarðfræðistofnun Columbia Háskóla séð um ferilefnavöktun í verkefninu, en óhvarfgjörn (sodium fluorescein, SF_6 og SF_5CF_3) og hvarfgjörn (^{14}C og ^{13}C) ferilefni voru notuð í báðum niðurdælingum til að

auðkenna niðurdælingarvökvann, skilgreina rennslisleiðir hans og greina á milli niðurdælingartilraunanna tveggja. Auk þess var notast við ferilefnin til að greina efnahvörf milli vökvans og bergsins [3].

Regluleg sýnataka úr holu HN-04, sem er sú vöktunarhola sem staðsett er næst niðurdælingarholunni HN-02, hefur farið fram síðan 2008. Í báðum tilraununum varð vart við breytingar í sýnum úr HN-04 um tveimur vikum eftir að niðurdæling hófst en efnagreiningar á vatnsýnum sýna hraða aukningu í Ca, Mg og Fe og hækkun á uppleystu ólífrænu kolefni (*e. dissolved inorganic carbon, DIC*) úr 1.3-1.4 mmól/l í 3.6 mmól/l í CO₂-niðurdælingunni og 3.1 mól/l í CO₂-H₂S-niðurdælingunni (mynd 2). Þá lækkaði pH gildi vatnssýna úr HN-04 úr 9.4 í 6.6 í CO₂-niðurdælingunni og í 7.1 í CO₂-H₂S-niðurdælingunni. Gildin hafa smám saman nálgast upphafsgildin eftir að niðurdælingunum lauk.



Mynd 2. A) pH og DIC greint í holu HN-4 fyrir, eftir og á meðan niðurdælingartilraununum stóð. B) Ca, Mg og Fe greiningar (ICP-OES) á sýnum úr holu HN-4 fyrir, eftir og á meðan niðurdælingu stóð. UI= Sýni greind á jarðvísindastofnun, ALS = sýni greind hjá ALS Scandinavia í Svíþjóð. Tímabilin þegar niðurdælingarnar stóðu yfir eru *skyggð*.

Líkanareikningar gerðir með PHREEQC-forritinu benda til kalsítmettnar um þremur mánuðum eftir hvora niðurdælingu. Í júlí 2013 bilaði dæla í holu HN-04 og þegar hún var tekin upp kom í ljós að hún var þakin útfellingum. XRD-greining sýndi fram á að kalsít var að falla út á dæluinni. Massajafnvægisútreikningar úr fyrri niðurdælingunni benda til þess að um 90% af því koldíoxíði sem dælt var niður hafi bundist í steindir á um tveimur árum [3]. Þessar niðurstöður benda til þess að hægt sé að binda koldíoxíð í bergi með mun áhrifaríkari hætti en áður var talið.

[1] S.R. Gislason, Eric H. Oelkers (2013). *Science*, 25 April 2014: Vol. 344 no. 6182 pp. 373-374.

[2] H.A. Alfredsson et al. (2013). *IJGGC*, January 2013: Vol. 12, pp. 399-418

[3] M. Stute et al. (2014). *American Geophysical Union Fall Meeting, December 2014: Abstract V14A-08*

Stærð og rúmmál Eldhrauns rétt einn ganginn

Snorri P Snorrason

Verkís hf.

Rannsóknir

Tilskrif þessu er ætlað að birta endurskoðun á stærðarmati Þorvaldar Þórðarsonar og Steven Self á hrauni Skaftárelda sem birt var 1993. Niðurstaða mats höfundar er birt á mynd 3 en hún hefur áður birst í grein í Náttúrufræðingnum, Víðáttumestu hraun Íslands (Árni Hjartarson 2011).

Á árunum 1999 til 2002 voru boraðar holur í Eldhraun í Skaftárhreppi. Flestar þeirra náðu í gegnum hraunið. Holurnar voru flestar boraðar til grunnvatnsrannsókna á vegum Landsvirkjunar. Staðsetning, dýpt og þykkt hraunsins í holunum er sýnd í meðfylgjandi töflu.

Hola	Staður	X	Y	Z	Dýpt m	Þykkt Eldhrauns m
SKA-1	Við Stakafell	553881	401668	594	90	17
SKA-2	Við Tjarnargíg	539832	391552	545	78	15
SKA-3	Við Skaftárdal	524956	365568	161	83	63
SKA-4	Við Brest í landi Múla	529761	356617	96	71	23
SKA-5	Við Skál á Síðu	537720	358095	83	40	31
SKA-6	Við Skál á Síðu	537727	358088	83	63	31
SKA-7	Sunnan við Holt á Síðu	541594	360812	59	24	12
SKA-8	Neðan Skaftárgljúfurs	526623	362540	122	36	32
TRK-1	Tröllhamar, Skaftáröræfi	540917	407009	612	10,25	10
TRK-2	Tröllhamar	540927	406882	617	16	16
TRK-3	Tröllhamar	540717	406928	613	13	13
TRK-4	Tröllhamar	540828	407087	611	9	9

Hola SKA 3 var boruð með loftbor og ODEX búnaði og stuðst var við svarfgreiningu í henni. Hún var boruð milli brúnna á Skaftá á veginum að Skaftárdal þar sem Eldhraunið hefur nær fyllt hin fornu Skaftárgljúfur. Holan er í 161 m hæð yfir sjávarmáli og holusniðið er eftirfarandi. Efsti hlutinn er boraður í Eldhraunið sem nær niður á 63 m dýpi í holunni. Þar fyrir neðan tekur við árset og Eldgjárrhraun tekur þar við og nær niður á holubotn á 83 m dýpi. Aðrar holur voru boraðar í byggð á Síðunni, við Tröllhamar og við Stakafell.

Gljúfrin

Í Skaftáreldum fyllti hraunið gljúfur Skaftár að mestu. Sjá má leifar gljúfranna við Skaftárdal. Þar er breidd þeirra nokkuð misjöfn eða á bilinu 180-220 m Breiddin er áætluð þar 200 m að meðaltali. Við Uxatinda sér einnig til gljúfranna. Þar er breidd þeirra misjöfn við yfirborð hraunsins eins og við Skaftárdal. Breiddin er þó minni en 100 m og minnsta bil milli gljúfurveggja um 70 m.

Í gosinu rann Eldhraunið einnig fram úr gljúfrum Hverfisfljóts og fyllti þau upp á barma. Vel mótar þó fyrir þeim á kílómetra löngum kafla milli Miklafells og Hnútu. Breidd þeirra er mest syðst eða um 200 m en einungis um 130 m nyrst.

Gljúfur Hverfisfljóts var „nærfellt svo stórt og djúpt sem Skaftárgljúfur“ (Jón Steingrímsson 1788). Hér er gert ráð fyrir því að gljúfrin sé jafndjúp Skaftárgljúfrum en notuð er breidd þeirra þar sem hún sést á yfirborði við Miklafell (160 m). Lengd gljúfranna er áætluð 15 km. Það kann að vera ofmat.

Grein Þorvaldar Þórðarsonar og Steven Self frá 1993 gerir ráð fyrir að breidd gljúfranna sé 400-500 metrar og dýpt 150-160 m. Því til stuðnings er vitnað í gömul skjöl en ekki tilgreint nákvæmlega hvaða skjöl.

Stærð Eldhrauns

Þorvaldur Þórðarson og Steven Self 1993 skiptu hrauninu í 7 hluta og byggðu það á skiptingu Þorvaldar Thoroddsen frá 1925. Höfundur þessa tilskrifts fylgdi þessari aðferð og tók mat þeirra féлага ÞP&SS frá 1993 óbreytt upp í fjórum hlutum en breytti matinu í þremur.

Einingarnar eru sem hér segir:

SD-1 Láglandið milli Skaftártungu og Síðu

SD-2 Skaftárgljúfur

SD-3 Hrauntaumur við Leiðólfsvell

SD-4 Hraun í Varmárdal

SD-5 Hraun við Skaftá við Stakafell

SD-6 Hraun á Fremri Eyrum


SD-7 Hraunstraumur við Miklafell og fram á Brunasand

Áður er lýst mun á stærðarmati Skaftárgljúfra en niðurstöður borana í Eldhraun á láglandinu milli Skaftártungu og Síðunnar gefa tilefni til að endurskoða stærðarmatið þar líka. Mynd 1 sýnir þykkt hraunsins í þeim holum sem boraðar hafa verið í hraunið.


Rúmmál Eldhrauns í Skaftárgljúfrum er metið á eftirfarandi hátt (SD-2). Dýpið er metið jafnt og hraunþykktin í holu SKA-3, 63 m (frá botni upp á yfirborð), breiddin er metin 190 m. Þar er að nokkru tekið tillit til þess hve gljúfrin við Uxatinda eru þröng. Lengdin er höfð 35 km eins og ÞP&SS en það kann að vera ofmat. Ofan á gljúfrin er svo lögð 15 m þykk plata með flatarmál jafnt og flatarmál hraunsins frá Skaftárdal að Uxatindum. Ekki er átt við matið í SD-7 þar sem gljúfur Hverfisfljóts voru, að öðru leyti en því að mismunur á stærð gljúfranna er dreginn frá mati SS&ÞP.

Hraunrennsli í Skaftárgljúfrum í gosinu

Skaftáreldar byrjuðu 8. júní 1783. Hraunrennsli frá vesturhluta gossprungunnar virðist hafa dvínað mjög 20. júlí það sama sumar. Meginhluti hrauns í byggð rann því fram á 43 dögum. Jón Steingrímsson getur þess nokkrum sinnum að „nýtt eldkast“ hafi komið fram úr gljúfrunum, eins og hraunrennsli hafi aukist viðkomandi dag. Rennsli Skaftár í gosinu hefur líkast til verið áþekkt og á vorum dögum því jöklar hafa líklegast verið í svipaðri stöðu og nú og úrkomudreifing svipuð, en hitastig nokkru lægra. Meðalrennsli Skaftár við Sveinstind er nú á bilinu 130-170 m³/s yfir sumarmánuðina (Almenna verkfræðistofan 2002). Ef reiknað er með



Mynd 3: Borholur og þykkt hrauna í byggð. Lítið ber á SKA-8 en hún er þarna samt.



Mynd 4: Þykktarlíkan af Eldhrauni í byggð milli Skaftártungu og Síðu (SD-1). Dökkbrúnt er 30 m þykkt, gulbrúnt er 15 m þykkt og leirlítt er 10 m þykkt. Þykkt hraunsins í borholum merktar með rauðu. Svört x merkja óreglu á yfirborði hraunsins og er það hald höfundar að þar undir séu gervígígar í Elgjárhrauni sem mynduðu fyrirstöðu í gosinu þannig að innan við þá er hraunið þykkt og yfirborðið flatt eins og raunin er. Svört lína neðarlega til hægri markar hraunbrún Eldgjárhrauns undir Eldhrauni.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015

Rúmmál km ³	Lágl	Gljúf	Leiðólf	Varm	Staka	F.eyr	Brun	
Einingar	SD-1	SD-2	SD-3	SD-4	SD-5	SD-6	SD-7	Alls
Þ Th 1925	3,23	4,4	0,44	1,62	0,69	0,69	0,64	11,7
ÞE&ELS 1984		3,65						11,9
ÞÞ&SS 1993	4,75	3,5	0,41	1,21	1,28	1,27	2,27	14,7
SPS&FS 2003	3,7	1,1	0,41	1,21	1,28	1,27	1,44	10,4

Mynd 5: Stærðarmat Eldhrauns. Allar tölur eru í rúmkílómetrum. Efstur er Þorvaldur Thoroddsen frá 1925, þá er Þorleifur Einarsson og Edda Lilja Sveinsdóttir frá 1984 en þau notuðu ekki sömu svæðaskiptingu og hinir. Þorvaldur Þórðarson og Steven Self eru næst neðstir frá 1993 og neðstir eru Freysteinn Sigurðsson og Snorri P Snorrason frá 2003.

150 m³/s rennsli á tímabilinu 8. júní til 20. júlí þá gætu 550 Gl hafa runnið fram niður gljúfrin við Uxatinda (hraunið sem þar er nú kemur úr norðausturhluta gossprungunnar). Ekki er neitt pláss fyrir allt þetta vatn á kaflanum frá gljúfurmunna við Uxatinda og niður að Hnútu þar sem meginstraumur Eldhraunsins rann niður í gljúfrin. Áin hlýtur að hafa hlaupið fram og út yfir glóandi hraunið sem rann þar fram og dregið úr hraunrennsli um tíma þar til hraunrennslið nær aftur yfirhöndinni. Þessi átök árinna og hraunsins skýra tvennt. Óreglu í hraunrennsli (eldköst) og einnig þá staðreynd að Eldhraunið náði að fylla gljúfrin, en Eldgjárgosið náði því ekki. Þessu til stuðnings eru ummerki um hraðkælingu hraunsins í borholunni SKA-3. Þar voru einungis þrjú þéttir kaflar bergs, allir stuttir. Afgangurinn bar merki hraðkælingar. Eldhraunið er einnig mjög lekt og sterkar vísbendingar eru um að allt að 20 m³/s grunnvatnsstraumur renni fram um hraunin í gljúfrunum (Freysteinn Sigurðsson og Snorri P Snorrason 2002).

Eldköst fram úr Skaftárgljúfrum eru notuð af ÞÞ&SS til að tímasetja framvindu í Skaftáreldum. Niðurstaðan sem lýst er hér að ofan hlýtur að setja mikið spurningamerki við goslíkan ÞÞ&SS.

Jökulhlaup úr Síðujökli í gosinu

Jökulhlaup hefur orðið í Skaftáreldum úr Síðujökli. Það má sjá á gjósku- setbunkum við Tröllhamar og Stakafell. Hlaupið hefur runnið yfir hraunið nýrunnið og gervígígar hafa gosið upp í gegnum gjóskuna og jökulker má sjá í gjóskunni. Hraunstraumur frá Lakagígum hefur svo runnið yfir hluta gjóskusetsins við Tröllhamar.

Heimildir

- Almenna verkfræðistofan 2002: Skaftárveita. Frumhönnun veitu Skaftár til Tungnaár um Langasjó Mars 2002 LV-2002/032. Unnið fyrir Landsvirkjun. 29 s. + myndir og viðaukar.
- Árni Hjartarson 2011: Víðáttumestu hraun Íslands. Náttúrufræðingurinn 81. Árg 1. hefti.
- Jón Steingrímsson 1788: Fullkomið skrif um Síðueld dagsett að Prestbakka 24. Nóvember 1788. Gefið út undir nafninu "Eldritið" í Jón Steingrímsson 1973, Ævisagan og önnur rit. Kristján Albertsson gaf út Helgafell, Reykjavík 438s.
- Freysteinn Sigurðsson og Snorri P Snorrason 2002: Skaftárveita, Grunnvatnsrannsóknir fram til 2001. Almenna verkfræðistofan og Orkustofnun 2002.
- Þorleifur Einarsson og Edda Lilja Sveinsdóttir 1984: Nýtt kort af Skaftáreldahrauni og Lakagígum. Skaftáreldar 1783-1784 ritgerðir og heimildir, Mál og Menning Reykjavík 1984.
- Þorvaldur Þórðarson & S. Self. 1993: The Laki (Skaftár Fires) and Grímsvötn eruptions. Bulletin of Volcanology. 55: 233-263.

Recycling of Phanerozoic crustal material by the Iceland mantle plume: new evidence from nitrogen isotopes

Sæmundur A. Halldórsson^{1,4}, David R. Hilton¹, Peter H. Barry^{1,2}, Evelyn Füre^{1,3} and Karl Grönvold⁴

¹ Fluids and Volatiles Laboratory, Geosciences Research Division, Scripps Institution of Oceanography, University of California, San Diego, La Jolla, CA 92093-0244, USA

² Now at Department of Earth Sciences, Oxford University, UK

³ Now at Centre de Recherches Péetrographiques et Géochimiques, CNRS-UL, 15 rue Notre-Dame des Pauvres, BP20, 54501 Vandoeuvre-lès-Nancy Cedex, France

⁴ Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Askja, Sturlugata 7, 101 Reykjavík, Iceland

Nitrogen isotopes in Ocean Island Basalt (OIB) glasses show positive values, up to +6 ‰, which has led to ideas on ancient nitrogen recycling from the surface to the deep mantle (Marty and Dauphas, 2003). If indeed the source of the N is the deep mantle, then there should be correspondence between the highest primordial noble gas signatures (i.e. the highest ³He/⁴He ratios) and the positive $\delta^{15}\text{N}$ signatures. However, the current database of $\delta^{15}\text{N}$ from high ³He/⁴He OIB is limited. Given the excellent exposure of fresh and glassy material, Iceland remains one of the few hotspot localities where this hypothesis can be tested in detail.

We report new nitrogen (N₂) abundance and isotope ($\delta^{15}\text{N}$) data for 43 subglacial basaltic glasses collected from the neovolcanic zones of Iceland, a key locality in studies of mantle plume geochemistry and crust-mantle processes. New helium and argon abundance and isotope data are also reported to supplement previous studies (Füre et al., 2010; Barry et al., 2014), allowing elemental ratios (e.g., N₂/⁴⁰Ar*) to be calculated for the present sample suite. Subglacial basaltic glasses with N₂ > 3 $\mu\text{cm}^3\text{STP/g}$ show a wide range in $\delta^{15}\text{N}$ values, from -2.91 to +11.96‰ (vs. Air), with values > 6‰ only observed at one locality in the Eastern Rift Zone. Elemental ratios involving N₂, i.e., N₂/³He, and N₂/⁴⁰Ar*, span several orders of magnitude from 2.5×10^5 to 9.0×10^7 , and 12.2 to 6780, respectively. In contrast, argon isotope ratios (⁴⁰Ar/³⁶Ar) are relatively limited, ranging from air-like (~298.6) to 1330. Glasses exhibit a wide range in helium isotope ratios (8-26 R_A), with clear distinctions between individual rift segments.

A number of processes have extensively modified original mantle source N isotope and relative abundance compositions - most significantly, shallow-level crustal interaction, however, degassing-induced fractionation and/or air interaction has also affected some samples. After filtering the entire N dataset (i.e., N₂/⁴⁰Ar* and $\delta^{15}\text{N}$) using ⁴⁰Ar/³⁶Ar and ⁴He/⁴⁰Ar* ratios to identify unmodified samples, the resulting samples (n= 22) define the Icelandic mantle N-isotope distribution ($\delta^{15}\text{N} = -2.29$ to +5.71‰).

Using the filtered dataset, we investigate simple binary mixing scenarios involving N₂/³He-N₂/⁴⁰Ar*- $\delta^{15}\text{N}$ systematics to identify mantle end-member compositions. Mixing scenarios are consistent with a recycled component in the Iceland mantle source, defined by a high and heterogeneous $\delta^{15}\text{N}$ end-member. Moreover, the high $\delta^{15}\text{N}$ end-member may be coupled to the high ³He/⁴He signature, assuming He loss prior to mixing with a depleted (DMM-like) end-member, similar to the two-step model of He depletion followed by open-system degassing (Füre et al., 2010), and/or the presence of excess N₂. The high $\delta^{15}\text{N}$ end-member needed to explain these mixing relationships strongly suggests the presence of recycled N-component(s) integrated into and/or entrained by the Iceland plume source.

These new results reveal the highly heterogeneous nature of nitrogen in a hybrid Iceland plume source consistent with models based on trace elements and radiogenic isotopes that advocate for significant heterogeneity of recycled crustal component(s) sampled by the Iceland plume. A relatively young age of the recycled crustal material (possibly Phanerozoic) is consistent with positive $\delta^{15}\text{N}$ values, high $\text{N}_2/^{40}\text{Ar}^*$ ratios, and constraints from radiogenic isotopes (e.g., Thirlwall et al., 2004), thus indicating a relatively short time-interval between subduction of crustal material and entrainment by the Iceland mantle plume.

References:

- Barry, P.H., Hilton, D.R., Füre, E., Halldórsson, S.A. and K. Grönvold (2014). Carbon isotope and abundance systematics of Icelandic geothermal gases, fluids and subglacial basalts with implications for mantle plume-related CO_2 fluxes. *Geochemica Cosmochimica Acta*, 134, 74-99.
- Füre, E., Hilton, D.R., Halldórsson, S.A., Barry, P.H., Hahn, D., Fischer, T.P. and K. Grönvold (2010). Apparent decoupling of the He and Ne isotope systematics of the Icelandic mantle: The role of He depletion, melt mixing, degassing fractionation and air interaction. *Geochemica Cosmochimica Acta*, 74, 11, 3307-3332.
- Marty, B. and N. Dauphas (2003). The nitrogen record of crust-mantle interaction and mantle convection from Archean to Present. *Earth Planetary Science Letters*, 206, 397-410.
- Thirlwall, M.F., Gee, M.A.M., Taylor, R.N., and B.J. Murton (2004). Mantle components in Iceland and adjacent ridges investigated using double-spike Pb isotope ratios. *Geochemica Cosmochimica Acta*, 68(2), 361-386.

Grain size distribution and characteristics of the tephra from the Vatnaöldur AD 871±2 eruption, Iceland.

Tinna Jónsdóttir, Guðrún Larsen, and Magnús Guðmundsson

Institute of Earth sciences, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík, Iceland
(tij1@hi.is)

Basaltic explosive eruptions in Iceland are frequent and often occur from vents in regions of surface lakes, large groundwater reservoirs or within glaciers. The recent Eyjafjallajökull eruption in 2010 and Grímsvötn eruption 2011 highlighted the vulnerability of passenger jet aircraft to ash in the atmosphere. Iceland's volcanoes are the most potent producers of tephra in Europe, and the frequent occurrence of basaltic explosive eruptions is a major factor in causing this. As a step in increasing the knowledge on the tephra erupted in basaltic explosive eruptions, we study the grain size distribution of a large (~5 km³) explosive basaltic eruption that occurred in AD 871±2. The source is the 25 km long Vatnaöldur crater row in south-central Iceland. The crater row lies within the Bárðarbunga- Veidivötn volcanic system, one of the most productive volcanic systems in Iceland in recent times. Samples for grain size analysis were collected at six different locations along the broad northwest-trending dispersal axis. Sampling sites ranged in 1.5 km to 120 km distance from the largest vent Skygggnir, near the southern end of the crater row. The Vatnaöldur eruption has been classified as phreatomagmatic, erupting through fractured bedrock composed of recent lavas, hyaloclastites and pillow lava in an area characterized by a high groundwater level and surface lakes. Explosive activity dominated the ~ 25 km long discontinuous fissure, as tuff cones were formed and conduits reached under groundwater table. During the eruption the tephra layer was dispersed in all directions. The area within the 0.5 cm isopach is 50,000 km² and this tephra has also been identified in Greenland ice cores. The grain size analysis indicates that one dominant characteristic of the tephra is the scarcity of pyroclasts over 1 mm in diameter. In the ash sampled more than 4 km from source larger grain sizes are absent. The dispersion in the more distal parts, at distances of 60 - 120 km is dominated by peaks between 0.250 and 0.063 mm, with the deposit showing slight tendency for progressively higher proportion of fines with distance. In the more proximal sections different phases in the eruption have been identified.

Ore-forming processes in Reykjanes geothermal pipelines, Iceland

Vigdís Hardardóttir¹, JW Hedenquist², MD Hannington²

¹Iceland GeoSurvey, Grensásvegur 9, 108 Reykjavík, Iceland

²Department of Earth Sciences, University of Ottawa, Ottawa, K1N 6N5 Ontario, Canada

Abstract. The Reykjanes geothermal system has a reservoir liquid that originated as seawater and has reacted with the surrounding basalt at temperatures up to 340°C. As the fluid ascends in wells the pressure decreases which leads to boiling and the precipitation of sulfides. In surface pipelines the scales consist mainly of sphalerite, chalcopyrite with minor bornite, pyrrhotite, and pyrite. The bulk composition of the scales downstream of the orifice plate at ~22 bar is 45 wt% Zn, 15 wt% Cu, 3 wt% Fe, 30 wt% S, 2 wt% SiO₂, up to 950 mg/kg Au and up to 2.3 wt% Ag. The amount of scales formed in one year in three wells were up to 1.4 tonnes, consisting of 896 kg Zn, 284 kg Cu, 197 kg Fe, 22 kg Pb, ~ 5 kg Ag and 0.8 kg Au. The Reykjanes geothermal system is a subaerial analogue of high-temperature black smokers on the ocean floor, based on reservoir fluid compositions with high metal and trace element concentrations and the similar compositions of minerals that precipitate downhole and in surface pipelines.

Keywords. Reykjanes metal-rich scales, sulfide precipitation, geothermal fluids, black smoker analog

1 Introduction

The Mid-Atlantic Ridge surfaces on the Reykjanes Peninsula, SW Iceland, where it becomes a complex series of rift and transform zones as it crosses Iceland. Because the geothermal system at Reykjanes is recharged mainly by seawater, it is closely analogous to black smoker systems on the offshore ridge.

In the Reykjanes area high-temperature liquid of seawater composition up to 340°C is precipitating sulfide scales in wells utilized for geothermal power. The sulfides precipitate downhole and in surface pipelines in variable amounts depending mainly on pressure. Here we describe scales that have precipitated in surface pipelines and compare these with sulfides deposited in analogous seafloor hydrothermal systems.

2 Reykjanes Geothermal Field

Reykjanes geothermal system (Fig. 1) is located on the toe of Reykjanes peninsula, 50 km SW of the capital Reykjavík. The Reykjanes Peninsula is covered by young basaltic rocks of glacial, interglacial and post-glacial age (Jonsson 1978). Surface geothermal manifestations, mainly steam vents, mud pools and altered ground cover 1 km², but according to transient electromagnetic measurements (TEM) the extent of the thermal system is 10 km² at 800 m depth (Karlsdóttir 2005). Based on cuttings from 30 wells in the area the stratigraphy consists of hyaloclastite and breccias of reworked tuffaceous sediments to 100 m depth, all of tholeiitic composition, interbedded with basaltic lava flows, and pillow basalts at greater depths (Tómasson and Kristmannsdóttir 1972; Franzson et al. 2002).

The Reykjanes reservoir liquid, which has a seawater salinity, has reacted with the basaltic basement at elevated temperatures (270-340°C), becoming highly enriched in SiO₂, with Ca⁺² and K⁺ concentrations two to four times higher than seawater. SO₄⁻² and Mg concentrations of the reservoir liquid are two to three orders of magnitude lower than seawater. However, the concentrations of most metals in the reservoir liquid are significantly higher than in black smoker fluids with similar discharge temperatures (Hardardóttir et al., 2009): Cu ~15 mg/kg, Zn 5-25 mg/kg, Fe 10-140 mg/kg, Mn ~2.5 mg/kg, Pb 100-300 µg/kg, Ag 30-100 µg/kg and Au 1-6 µg/kg.




Figure 1. Location of Reykjanes geothermal system, SW Iceland (modified after Saemundsson and Jóhannesson 2004).

3 Mineralogy of the scales

Samples of scales in the surface pipelines were collected during cleaning of the pipes in 2000 and during maintenance in 2007 (Hardardóttir 2011). Scale samples were taken from the wellhead, as well as upstream and downstream of the orifice plate (with fluid-flow control valve; FFCV), in wells that had average wellhead pressures between 44 and 35 bar (257-244°C). At the orifice plates in these wells, the pressures decrease to at least 22 bar (220°C), resulting in precipitation of the sulfide scales.

Table 1. Mineralogy of scales from Reykjanes wells (RN) compared to TAG hydrothermal field

	Well RN-9			RN-12	TAG
	Well-head	4 m downst of OP	30 m downst of OP	Fluid-flow control valve	Black Smoker
Sphalerite	xxx	xxx	x	xxx	xxx
Chalcopyrite	xxx	xx	tr	x	xxx
Amorph. SiO ₂	tr	xxx	xxx	tr	x
Bornite	tr	tr		xxx	x
Digenite				xxx	
Galena	x	tr		xx	tr
Gold/silver	tr	tr		x	tr
Covellite	tr	x		x	tr
Pyrrhotite	tr			tr	x
Pyrite			tr	tr	xx
Anhydrite					xxx
Clay	tr	tr	tr		
Temp. (°C)	244	~188	~188	247-220	270-360

Downst; downstream, OP; orifice plate, TAG data are from Hannington et al. 1995 and Tivey et al. 1995



Figure 2. Photographs of scales in surface pipelines downstream of the orifice plate. The scale bar is 10 cm.




Figure 3. Reflected light photomicrograph of A) alternating bands of fine- and coarse- grained chalcopyrite (cpy yellow), sphalerite (sph gray), bornite (brownish) and galena. B) Two layers consisting mainly of sph (gray) + amorphous silica (black) and cpy (yellow) + minor bornite (brownish) with a band of mainly cpy. Samples upstream of well RN-9.

Upstream from the orifice plate, the scales are thin (<1 mm), but downstream the scales can be quite thick (Fig. 2), with the thickness depending on the pressure at wellhead. All of the scales are very fine-grained and hard, consisting mainly of sphalerite and chalcopyrite with minor bornite, digenite, galena, pyrrhotite, and pyrite (Table 1).

Chalcopyrite and sphalerite form alternating fine- and coarse- grained bands upstream of the orifice plate at high-pressure (~40 bar, 252°C) in well RN-9 (Fig. 3).

Gold occurs as interstitial grains between sulfides, as inclusions mainly in chalcopyrite, and in veins with silver in late-stage fractures seen in scales on the fluid-flow control valve (Hardardóttir et al. 2010). Where pressure decreases to 11 bar, (only well RN-9) amorphous silica is the main phase along with sphalerite and chalcopyrite. The amount of amorphous silica increases downstream of the orifice plate, reaching ~50 wt.% at distances of 4 to 30 m and ~80 wt.% at distances of 100 m.

4 Bulk composition – abundance of scales

The bulk compositions of the scales in the surface pipelines are shown for two wells in Table 2. The scales are dominated by Zn, Fe, Cu, S, and SiO₂, reflecting the major mineralogy. Zinc is the major metal deposited at all pressures. Cu concentrations are generally low at the same pressures (<5 wt%; Hardardóttir 2011) with the highest concentrations near the orifice plate (≤ 30 wt%) where the pressure decreases sharply. Iron generally ranges from 2 to 8 wt% upstream of the orifice plate but decreases sharply downstream of the orifice plate. Lead concentrations are generally highest downstream of the orifice plate and on the fluid-flow control valve, where they reach ~15 wt%.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015

Table 2. Bulk composition of scales from Reykjanes wells (RN) compared to TAG hydrothermal field

	Well RN-9			Well RN-23			TAG
	Upstr of OP	< 1 m downst of OP	~30 m downst of OP	Upstr of OP	<1m downst of OP	~32 m downstr of OP	
Pressure	40-30	11	11	43	22	22	
Zn %	17.9	17.7	10.2	57.5	44.6	44.9	0.4
Fe %	17.3	5.2	5.4	3.3	3.1	5.1	30.5
Cu %	20.7	13.7	5.4	1.4	13.8	13.8	23.0
Pb %	0.6	8.5	3.7	0.0	0.1	0.6	0.003
S %	29.8	16.8	9.3	32.8	30.6	29.8	34.5
SiO ₂ %	4.5	24.7	50.1	2.1	1.9	2.8	<0.5
Al ₂ O ₃ %	0.6	1.9	3.2	0.3	0.2	0.6	-
MgO %	1.1	0.2	0.2	0.3	0.2	0.3	-
LOI %	14.9	15.0	12.2	16.3	15.6	14.2	-
mg/kg							
Ag	667	6066	2740	161	1670	1290	6
Au	121	95	79	363	116	82.4	1

Upstr; upstream, downst; downstream, OP; orifice plate, - ; not available

The highest Au and Ag concentrations also occur near the orifice plate. Just downstream from the orifice plate the Au concentrations range between 50 to 950 mg/kg. At same location the Ag concentration commonly range between 450 to 7000 mg/kg with highest concentration on the fluid-flow control valve up to 2.3 wt%.

In well RN-9 the scales nearly filled the first 8 m of the ~ 350 m long pipeline (to the separation station), probably in <2 years. Only a 10-cm opening remained. The 0.4 m diameter pipeline, with a scale thickness of ~15 cm, contained a total of ~2865 kg scale. In the first year of production, from 2006-2007, three wells produced 2.4 tonnes of scales with ~1.405 tonnes of metals (Table 3).

Table 3. The amount of precipitation formed in Reykjanes (RN) surface pipelines

	RN-11, RN-22,	
	RN-9 ⁽¹⁾	RN-23 ⁽²⁾
Cu (kg)	147	284
Zn (kg)	435	896
Fe (kg)	135	196
Pb (kg)	112	22
Ag (kg)	10	5
Au (kg)	0.3	0.70
SiO ₂ +S+Mn (kg)	2026	1017

⁽¹⁾Precipitated in < 2 years, ⁽²⁾precipitated in 1 year

5 Discussion and conclusions

Geothermal liquid compositionally similar to the Reykjanes fluid, as well as scales precipitated from that liquid, have been observed in several geothermal systems (e.g., in the Fushime geothermal system: Akaku 1990, Akaku and Reed 1995). Similar scales have been documented in the Broadlands-Ohaaki and Rotokawa geothermal systems in New Zealand, which have much lower salinity than the Reykjanes wells (Cl between 1000 and 2000 ppm: Brown 1986; Hedenquist 1990; Simmons and Browne 2000; Reyes et al. 2002). In the Broadlands-Ohaaki system the hydrothermal fluid which enters the wells undergoes a pressure

drops at >500 m depth that causes boiling, and Au (<10 to > 1,000 mg/kg) and Ag (<100 to > 10,000 mg/kg) are deposited on the back-pressure plates in surface pipelines. In Rotokawa pipelines the scales at the wellhead contain 5.6 wt.% Cu, 4.0 wt.% Ag, 3.0 wt.% Te, 1.5 wt.% Zn, 0.6 wt.% Pb, and Au 0.2 wt.% (Reyes et al. 2002). These geothermal systems are analogs of low-sulfidation epithermal systems (Simmons and Browne 2000).

The higher salinities of the reservoir liquids at Reykjanes have contributed to much higher base metal contents in the scales that more closely resemble the bulk compositions of sulfide at mid-ocean ridge black smoker vents (Table 2). Sulfide minerals in the chimneys at 21°N include, in order of abundance, sphalerite, pyrite and chalcopyrite, with minor marcasite, pyrrotite, galena, and digenite. Traces of bornite, cubanite, covellite and chalcocite have also been observed as well as amorphous silica and Mg-hydroxysulfate-hydrate (MHSH) intimately associated with anhydrite (Haymon and Kastner, 1981). In contrast to the scales in the Reykjanes pipelines, chimneys on the ocean floor typically contain abundant anhydrite formed by heating of seawater. The wells at Reykjanes are insulated from cold seawater and thus contain no anhydrite.

Acknowledgements

The permission from HS Orka HF and Iceland GeoSurvey (ISOR) to publish the data is acknowledged. This paper is financed by the National Energy Authority and GeoSurvey (ISOR).

References

- Akaku K (1990) Geochemical study on mineral precipitation from geothermal waters at the Fushime field, Kyushu, Japan. *Geothermics* 19: 455-467.
- Akaku K and Reed MH (1995) Chemical and physical processes occurring in the Fushime geothermal system, Kyushu, Japan. In: Kharaka YK, Chudaev OV (eds) *Water-Rock Interaction (WRI-8)*, AA Balkema, Rotterdam, pp. 489-492.
- Brown KL (1986) Au deposition from geothermal discharges in New Zealand. *Economic Geology* 81: 979-983.
- Franzson H, Thordarson S, Björnsson G, Gudlaugsson STh, Richter B, Fridleifsson GÓ, Thorhallsson S (2002) Reykjanes high-temperature field, SW-Iceland. *Geology and hydrothermal alteration of well RN-10. Proceedings, 27th workshop on Geothermal Reservoir Engineering*. Stanford University: 233-240.
- Hannington MD, Tivey MK, Larocque ACL, Petersen S, Rona PA (1995) The occurrence of gold in sulfide deposits of the TAG hydrothermal field, Mid-Atlantic Ridge. *Canadian Mineralogist*, 33: 1285-1310.
- Hardardóttir V (2011) Metal-rich scales in the Reykjanes geothermal system, SW Iceland: sulfide minerals in a seawater-dominated hydrothermal environment. PhD thesis, Graduate and Postdoctoral Studies, Department of Earth Science, University of Ottawa, 288 p.
- Hardardóttir V, Brown KL, Fridriksson Th, Hedenquist JW, Hannington MD, Thorhallsson S (2009) Metals in deep liquid of the Reykjanes geothermal system, southwest Iceland: Implications for the composition of seafloor black smoker fluids. *Geology*, 37: 1103-1106.
- Hardardóttir V, Hannington MD, Hedenquist JW, Kjarsgaard I, Hoal K (2010) Cu-rich scales in the Reykjanes geothermal system, Iceland. *Economic Geology*, 105: 1143-1155.
- Haymon R, Kastner M (1981) Hot spring deposits on the East Pacific Rise at 21°N: preliminary description of mineralogy and genesis. *Earth Planet. Sci. Lett.* 53: 363-381.
- Hedenquist JW (1990) The thermal and geochemical structure of the Broadlands-Ohaaki geothermal system, New Zealand. *Geothermics* 19, 151-185.
- Jonsson J (1978) Geological map of Reykjanes Peninsula. National Energy Authority Report No. OS JHD 7831: 303 p.
- Karlsdóttir R (2005) TEM-resistivity measurements at Reykjanes 2004 (in Icelandic). Iceland GeoSurvey report no. ÍSOR-2005/002, 23 p.
- Reyes AG., Trompeter WJ, Britten K, Searle (2002) Mineral deposits in the Rotokawa geothermal pipelines, New Zealand. *Journal of Volcanology and Geothermal Research* 119: 215-239.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015

- Saemundsson K, Jóhannesson H (2004) Geothermal map of Iceland, Reykjavík, Iceland GeoSurvey and Icelandic Energy Authority, 1:500,000.
- Simmons SF, Browne PRL (2000) Hydrothermal minerals and precious metals in the Broadlands-Ohaaki geothermal system: Implications for understanding low-sulfidation Epithermal environments. *Economic Geology* 95: 971-999.
- Tivey MK (1995) Modeling chimney growth and associated fluid flow at seafloor hydrothermal vent sites, *in* Humphris SE et al. eds, *Geophysical Monograph 91, Seafloor hydrothermal systems, physical, chemical, biological, and geological interactions*: 158-177.
- Tivey MK, Humphris SE, Thompson G, Hannington MD, Rona PA (1995) Deducing patterns of fluid flow and mixing within the TAG active hydrothermal mound using mineralogical and geochemical data. *Journal of geophysical Research* 100: 12,527-12,555.
- Tómasson J, Kristmannsdóttir H (1972) High-temperature alteration minerals and geothermal brine, Reykjanes, Iceland. *Contributions to Mineralogy and Petrology* 36: 123-134.

Árstíðabreytingar í tíðni gróðurelda á Íslandi


Þröstur Þorsteinsson

Jarðvísindastofnun Háskólans & Umhverfis- og auðlindafræði, Háskóli Íslands, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (ThrosturTh@hi.is)

Á Íslandi hefur magn gróðurs víða aukist töluvert á undanförunum árum, sér í lagi á vestari helmingi landsins. Meðal ástæðna eru minnkandi beit, vaxandi skógrækt, sumarhúsabyggðir og hlýnandi veðurfar. Einnig hefur lúpína víða myndað stórar og þéttar breiður með miklum eldsmat. Samtímis hefur orðið veruleg aukning ferðamanna og útivistar allt árið. Þar sem nánast allir gróðureldar hérlandis eru af mannavöldum, 72% elda kvikna vegna íkveikju, eykst hættan á gróðureldum og tjóni. Óhætt er að fullyrða að hættan á því að gróðureldar kvikni og valdi skaða minnkar ekki með hlýnandi veðurfari og auknum gróðri, sér í lagi í þéttum sumarhúshverfum.

Opinberlega falla gróðureldar enn ekki undir skilgreiningu náttúruvár og skipulagsáætlanir eru almennt ekki unnar með hættu af gróðureldum í huga. Til að skilgreina þá hættu sem stafar af gróðureldum sem best þarf margt að koma til. Eitt af því er vitneskja um fyrri atburði, gagnagrunnur yfir gróðurelda; oft er talað um brunasögu svæðis.

Upplýsingum um gróðurelda á Íslandi var safnað a) með ítarlegri leit í rafrænum gagnasöfnum af fréttum, b) í gagnagrunni frá Mannvirkjastofnun (MVS) fyrir árin 2003–2010 og c) frá brunavörnum Borgarbyggðar (2010). Fjöldi elda sem heimildir fundust um á tímabilinu 1943 – 2012 er mjög breytilegur, en í gagnagrunni MVS eru öll útköll slökkviliða landsins skráð og því þar mun fleiri eldar en fjallað er um í fréttum (1. mynd). Hinsvegar er hlutfallsleg dreifing eftir árstíma ekki mjög frábrugðin milli fréttu og gagnagrunns MVS.




1. mynd. Fjöldi gróðurelda í fréttum og gagnagrunni MVS eftir árum. Á tímabilinu frá 18. maí 2002 til 31. desember 2010 eru gögn úr útkallsgagnagrunni MVS (rauðar súlur) inni í heildartölunni.

Flestir eldarnir eru litlir, en þó urðu tíu eldar þar sem yfir hektari lands brann á árunum 2007–2013, þar af sex stærri en 10 hektarar. Stærstir voru Mýraeldar í mars–apríl 2006 (3. mynd) þar sem 6700 hektarar af mýrum og flóum brunnu og eldur á Skarðsströnd í apríl 2008 þar sem 105 hektarar af mýrum og l yngheiði brunnu.

Greinilegur árstíðamunur er á hvenær gróðureldar kvikna hérlandis (2. mynd). Algengast er að þeir kvikni á vorin (mars–maí, 70% gróðurelda), með hámarki í maí (29% af eldum ársins) og apríl (28%) og svo í mars (13%). Í janúar verða nokkuð margir eldar (6%) og kvikna þeir oftast vegna flugeldanotkunar kringum áramót.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
13. mars 2015



2. mynd. Hlutfallsleg dreifing elda á mánuði árin 1943–2000 (bláar súlur; 161 atburður) og 2001–2012 (rauðar súlur; 947 atburðir) og staðalfrávik fyrir hvern mánuð.

Ekki eru til nægjanlega góð gögn til að meta nákvæmlega hvort tíðni gróðurelda hafi breyst síðustu áratugi eða hvort dreifing þeirra á árstíðir hafi breyst. Hins vegar virðist sem gróðureldar yfir sumarmánuði séu tiltölulega nýleg þróun. Hún fer saman við hnattræna hlýnun, aukna skógrækt og sumarhúsabyggð og minni beit, sem hefur aukið gróður magn víða á landinu. Þetta gefur ríka ástæðu til að fylgjast vel með, skrá á skipulegan hátt gróðurelda og undirbúa viðbragðsáætlanir og hættumat vegna þeirra.



3. mynd. Mýraeldar í lok mars 2006 (mynd Theodór Þórðarson).

Sérstakar þakkir fá Hulda Guðmundsdóttir, Skorradalshreppur, Guðmundur Guðjónsson og Borgþór Magnússon á NI.is, Trausti Jónsson og Elín Jónasdóttir á VÍ, MVS og slökkvilið Borgarbyggðar. Kristín Sverrisdóttir vann að skráningu gróðurelda í gagnagrunn til bráðabirgða. Skorradalshreppur styrkti verkefnið með fjármagni sem fékkst frá Alþingi.